BENEDIKTA JÓNSDÓTTIR

*Þakkar bætiefnum fyrir gott heilsufar*

• heilsa

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**JÓLIN 2009**

*Matur, drykkur, sögur, siðir, föndur og skraut*

Sérblað um jólin

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

24. nóvember 2009 — 278. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**ÞRIÐJUDAGUR**

**Einleikur fær góða dóma**



Þór Tulinius leikstýrði einleiknum Manntafli í Svíþjóð og hlaut lof fyrir.

TÍMAMÓT 16

**Flytur heim**



Hafdís Huld kaupir sér hús í Mosfellsdalnum.

FÓLK 26

**Gagnrýnendur hrifnir**

Sigurjón Sighvatsson er nánast orðlaus yfir viðtökunum við Brothers.

FÓLK 26

**Fyrsta tap Njarðvíkur**



Stjörnumenn urðu fyrstir til að vinna lærisveina Sigurðar Ingimundarsonar í vetur.

ÍÞRÓTTIR 23

**VEÐRIÐ Í DAG**




**HVESSIR SÍÐDEGIS** Í dag verða víðast norðaustan 8-15 m/s, en hvessir heldur síðdegis. Úrkoma norðaustan- og austanlands, en bjartviðri suðvestantil. Hiti víða í kringum frostmark.

VEÐUR 4

# Svindlað nánast óheft með olíu fyrir hundruð milljóna

**Persónuvernd segir Ríkisskattstjóra óheimilt að notast við eftirlitsmyndavélar bensínstöðva til að afhjúpa misnotkun á litaðri olíu. Miklu magni er dælt á bifreiðar sem eigendum er óheimilt að nota litaða olíu á.**

**EFTIRLITSMÁL** Allt að 74 prósentum litaðrar olíu sem keypt er í sjálfsafgreiðslustöðvum er ekki dælt á vinnuvélar eins og til er ætlast. Þetta segir Jóhannes Jónsson, starfsmaður hjá Ríkisskattstjóra, að athuganir sýni. Olíunni sé dælt á önnur ökutæki og af þeim sökum verði ríkissjóður af á bilinu 160 til 230 milljónum króna árlega.

Á sama tíma er Ríkisskattstjóra óheimilt að nota upptökur úr eftirlitsmyndavélum bensínstöðva til að koma upp um þá sem kaupa gjaldfrjálsa vinnuvélaolíu á einkabíla sína. Persónuvernd segir Ríkisskattstjóra skorta lagaheimild til þess.

Lituð olía kostar ríflega sextíu krónum minna hver lítri en venjuleg dísilolía sem ber olíugjald. Munurinn er því mikill og margir láta freistast. Á móti kemur að sektir eru háar ef upp kemst. Fyrir venjulegan fólksbíl er sektin 200 þúsund krónur, sem síðan tvöfaldast við ítrekuð brot.

Jóhannes segir að Ríkisskattstjóri hafi tvisvar á liðnu ári lagt til við fjármálaráðuneytið að þeir sem kaupi litaða olíu þurfi að fá útgefin sérstök viðskiptakort hjá olíufélögunum og skattayfirvöldum sé tilkynnt um þau. Þannig verði auðveldara að fylgjast með að farið sé að lögum. „Eftir því sem ég best veit hefur ráðuneytið ekki unnið úr þessu. Ég held að ágætis skilningur sé á þessu hjá ráðuneytinu en að það hafi haft mörgum öðrum hnöppum að hneppa að undanförnu," segir hann.

Ætlun Ríkisskattstjóra var að fá aðgang að eftirlitsmyndavélum á bensínstöðvum til að nota ásamt bókhaldsgögnum stöðvanna til að fletta ofan af svindlurunum. Persónuvernd segir Ríkisskattstjóra hins vegar ekki hafa sömu heimild og lögregla til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknar. „Það verður þá svo að vera," segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri um þessa niðurstöðu.

Jóhannes Jónsson skrifaði í fyrra í Tíund, blað Ríkisskattstjóra, og setti fram áðurnefnda tilgátu um að 74 prósent af litaðri olíu í sjálfsölum væru keypt á bíla sem ekki hefðu til þess rétt. Var það byggt á gögnum frá olíufélögunum sem sýndu að í þessum fjölda tilvika hefði verið dælt minna en áttatíu lítrum í hverri afgreiðslu. „Einnig virðist vera ótrúlega algengt að verið sé að kaupa litaða olíu á kvöldin og á nóttunni og á dælum sem eru ekki í alfaraleið," skrifaði Jóhannes í fyrra og sagði ljóst að takmarka þyrfti verulega aðgengi að litaðri olíu. Það hefur enn ekki verið gert. **- gar**



**LEGGJA NÓTT VIÐ DAG** Byggingarverkamenn sem vinna við að reisa hjúkrunarheimili við Suðurlandsbraut verða, eins og aðrir landsmenn, áþreifanlega varir við að dagur styttist jafnt og þétt. Þegar þessi mynd var tekin um eftirmiðdaginn í gær sáust varla handa skil. Vetrarsólstöður eru 22. desember næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Lögregluaðgerð í Hamborg:

## Tæmdu flugstöð fyrir frosinn fisk

**ÞÝSKALAND, AP** Hryðjuverkadeild lögreglunnar í Hamborg í Þýskalandi tæmdi og girti af flugstöðina í borginni þar sem sérfræðingar töldu víst að stór sprengja hefði verið skilin eftir á vagni í flugstöðinni.

Deildin hafði mikinn viðbúnað á staðnum en komst fljótlega að því að „sprengjan" var tveir kassar af frosnum fiski. Óþarfi var að kanna innihald pakkanna þar sem lykt af rotnandi fiski tók af öll tvímæli um innihald þeirra.

Yfirmaður hryðjuverkadeildarinnar svaraði spurningum fjölmiðla á þann hátt að lögregla gæti ekki leyft sér að sýna atvikum sem þessum tómlæti og aðeins væri verið að fylgja ströngum verkreglum. Hann viðurkenndi engu að síður að öllum hefði mátt vera ljóst hvert innihald kassanna tveggja var. **- shá**

Fjölmargir unglingar eru með hringi eða pinna annars staðar en í eyrunum:

## Húðflúr vinsæl í tíunda bekk

**HEILBRIGÐISMÁL** Tæpur fimmtungur unglingsstúlkna í 10. bekk grunnskóla er með hringi eða pinna annars staðar en í eyrunum. Þetta kemur fram í könnun Rannsókna og greiningar meðal grunnskólabarna. 6,5 prósent drengja á sama aldri bera ámóta skraut.

Þá kemur fram að 5,8 prósent drengja í 10. bekk hafa látið setja á sig varanlegt húðflúr, en 4,7 prósent stúlknanna.

Rannsóknin var lögð fyrir um 85 prósent nemenda á landinu öllu í fyrra.

Þá virðist meirihluti unglinganna hafa fengið leyfi fyrir götun eða flúri hjá forráðamönnum, en færri hugsað út í smithættu eða fengið leiðbeiningar um hana. Þá mun vera misbrestur á að húðflúrstofur fari fram á að viðskiptavinir framvísi skilríkjum.

„Við höfum verið að reyna að láta draga eitthvað úr þessu," segir Matthías Halldórsson landlæknir. „Og af því þetta er ekki bannað, að passa líka upp á að þeir sem gera þetta hafi einhverja kunnáttu í sóttvörnum og slíku." **- óká /** **sjá síðu 8**










## SPURNING DAGSINS



*Dofri, er þetta harmleikur?*

„Þetta er afleikur með harmrænu ívafi, sem vonandi endar vel."

Dofri Hermannsson borgarfulltrúi sakar Sjálfstæðisflokkinn um að ætla að svíkja samning við Leikfélag Reykjavíkur. Sjálfstæðismenn hafna því.

Formaður umhverfishóps Samfylkingar skilur ekki ummæli forsætisráðherra:

# Bíður eftir útskýringunum

**STJÓRNMÁL** Ummæli Jóhönnu Sigurðardóttur um að hún væri sannfærð um að öllum hindrunum yrði rutt úr vegi Suðvesturlínu eru óskiljanleg formanni Græna netsins, umhverfismálahóps Samfylkingarinnar.

Í blaðinu í gær lýsti umhverfisráðherra því einnig yfir að Jóhanna Sigurðardóttir ætti að skýra mál sitt betur.

„Nei, ég veit ekki hvað hún á við. Ég tek eftir því að umhverfisráðherra hefur beðið um skýringar. Það eru fleiri sem bíða eftir þeim," segir Mörður Árnason, formaður Græna netsins.

Ekki náðist í forsætisráðherra í gær, en samkvæmt heimildum úr stjórnarráðinu var Jóhanna líklega ekki að vísa til neinna sérstakra hindrana, heldur til málsins í heild. Hún hafi notast við orðalag úr stöðugleikasáttmálanum:

„Ríkisstjórnin mun greiða götu þegar ákveðinna stórframkvæmda samanber þjóðhagsáætlun, svo sem framkvæmda vegna álvera í Helguvík og Straumsvík. Undirbúningsvinnu verði hraðað vegna áforma sem tengjast fjárfestingu í meðalstórum iðnaðarkostum, s.s. gagnaverum og kísilflöguframleiðslu. Kappkostað verður að engar hindranir verði af hálfu stjórnvalda í vegi slíkra framkvæmda eftir 1. nóvember 2009."

- kóþ



MÖRÐUR ÁRNASON

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Flestir vildu lækka vexti SÍ:

# Einn vildi óbreytta vexti

**VIÐSKIPTI** Fjórir af fimm þeirra sem sæti eiga í peningastefnunefnd Seðlabankans vildu lækka innlánsvexti bankans en einn vildi halda þeim óbreyttum. Þetta kemur fram í fundargerð nefndarinnar sem var birt í gær. Már Guðmundsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar, lagði til að vextir yrðu lækkaðir.

Vextirnir voru lækkaðir í níu prósent á síðasta vaxtaákvörðunarfundi. Nefndarmenn voru sammála um að héldist gengi krónunnar stöðugt eða styrktist, og verðbólga hjaðnaði, ætti frekari slökun peningalegs aðhalds að verða möguleg.

- jab

Jólablað Fréttablaðsins:

# Stútfullt af spennandi efni

**JÓL** Jólablað Fréttablaðsins fylgir blaðinu í dag en það er nú orðið fastur liður í útgáfu Fréttablaðsins í aðdraganda jóla. Blaðið er 96 síður og er í því að finna áhugavert og fjölbreytt efni sem tengist jólaundirbúningnum og jólahefðum.




Þar á meðal eru fjölmargar girnilegar uppskriftir að mat og sætindum, hugmyndir að skreytingum og gjöfum, fróðleikur og föndur. Einnig eru í jólablaðinu sögur af jólahaldi fyrr og nú.

# Regnvatn leitt inn á vatnsverndarsvæði

**Skipulagsstillögur gera ráð fyrir að yfirborðsvatni af götum iðnaðarsvæðis á Hólmsheiði verði veitt í Hólmsá. Verið að auka hættu á mengun, segir heilbrigðisfulltrúi. Ekki endilega besta lausnin, segir formaður umhverfisnefndar.**

**UMHVERFISMÁL** Vatni af götum fyrirhugaðs iðnaðarhverfis á Hólmsheiði verður veitt úr settjörnum í Hólmsá, samkvæmt deiliskipulagsbreytingu sem nú er í kynningu. Hólmsáin rennur í Elliðavatn og vatnið berst með Elliðaám til sjávar.

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu telur þetta ekki vænlegasta umhverfiskostinn, en slíkt er gefið í skyn í greinargerð með tillögunni. Bent er á að Hólmsá hefur verið vöktuð á árinu 2009 og niðurstöður mælinga benda til að hún uppfylli skilyrði A-flokks, sem þýðir ósnortið vatn. Stefnt sé að því að halda þeim flokki. Hólmsheiðin er á fjarsvæði B innan vatnsverndarsvæðis.

Þorsteinn Narfason, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, situr í framkvæmdastjórninni. Hann segir að verið sé að losa ofanvatn, hugsanlega mengað, frá fjarsvæði vatnsverndarsvæðis inn á grannsvæði.



**HÓLMSÁ** Samkvæmt tillögunum á að veita ofanvatni af iðnaðarsvæði í settjarnir þar sem það verður hreinsað og leitt þaðan út í Hólmsá. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Með þessu er verið að auka hættuna á mengun og eðlilegt er að framkvæmdastjórnin vilji láta skoða aðra kosti, eins og Rauðavatn. Það hefur ekki verið skoðað." Í bókun framkvæmdastjórnarinnar frá því í apríl er einmitt bent á nauðsyn þess að skoða aðrar lausnir af alvöru, til dæmis að losa í Rauðavatn sem er utan vatnsverndarsvæðisins.



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgöngunefndar Reykjavíkur, segir þá lausn sem lögð sé til ekki endilega vera þá heppilegustu. Vel megi gera sér í hugarlund að mörk vatnsverndarsvæða breytist í framtíðinni og þá gæti Hólmsheiðin staðið utan vatnsverndarsvæða. Þá sé óheppilegt að búa við kerfi sem veiti ofanvatni af iðnaðarhverfi utan vatnsverndar og inn á vatnsverndarsvæði.

Gísli Marteinn segir málið hafa verið á borði heilbrigðisnefndar og skipulagið hafi verið unnið í góðri samvinnu við Heilbrigðiseftirlit og þá sem sinni vatnsvernd á svæðinu. Gísli segir ekki útilokað að aðrir kostir verði skoðaðir. „Heilbrigðiseftirlitið hefur hvatt menn til að nýta tímann sem kreppan gefur okkur, áður en þessu verður endanlega lokað, og skoða hvort fara megi aðrar leiðir með vatnið."

kolbeinn@frettabladid.is

### HÓLMSHEIÐI

Svæðið sem breytingartillagan snýr að er fyrir norðan Suðurlandsvegar á milli Hafravatnsvegar og hesthúsasvæðis í Almannadal. Heildarstærð svæðisins er 132 hektarar, 69 lóðir af ýmsum stærðum frá 0,1 upp í 10 hektara. Flestar eru lóðirnar 0,1 til 0,5 hektarar. Svæðið er athafnasvæði. Ekki hefur verið ákveðið hvenær farið verður í framkvæmdir.

Framkvæmdastjóri AGS:

# Segir storminn vera að baki

**BRETLAND „Stormurinn er að baki og verstu hörmungunum hefur verið afstýrt," sagði Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS), á árvissri ráðstefnu Samtaka breskra iðnfyrirtækja (CBI) sem fram fór í gær.**



STRAUSS-KAHN

**Strauss-Kahn segir alþjóðasamstarf og hröð og fumlaus viðbrögð stjórnvalda hafa bjargað miklu. Framfarir hafi verið miklar í alþjóðahagkerfinu og bati við það að hefjast. Efnahagslíf þjóða sé engu að síður enn viðkvæmt og megi hvorki við áföllum né því að menn misstígi sig í stefnumótun.**

**Að mati framkvæmdastjórans þurfa þjóðir heims enn að starfa saman, enda sé siglingin vandasamari í endurreisninni og rétta leiðin ekki alltaf augljós.**

- óká

Íslendingur lést í Noregi:

# Fannst látinn í stöðuvatni

**NOREGUR Lögreglan í Noregi telur ekki ástæðu til að saka rútubílstjóra um lát Íslendings sem fannst látinn í gær. Hans hafði verið leitað síðan á sunnudag.**

**Maðurinn, sem hét Karl Karlsson, var 47 ára gamall og hafði búið lengi í Noregi.**

**Um eittleytið aðfaranótt sunnudags var honum vísað úr rútunni í smábænum Noresund, á leiðinni frá Ósló til Gol, vegna ölvunar. Í gær fannst hann síðan í Krøderen, stóru stöðuvatni skammt frá Noresund.**

- gb

Talinn vera í dásvefni í 23 ár:

# Reyndist með fullri vitund

**BELGÍA, AP** Rom Huyben lamaðist í bílslysi árið 1983 og hefur legið á sjúkrahúsi síðan. Læknar töldu hann í dásvefni vegna heilaskemmda, en í reynd var hann með fullri meðvitund allan tímann.

Foreldrar hans neituðu að trúa því að hann væri meðvitundarlaus, en það var ekki fyrr en nýverið sem þau fundu lækni, Steven Laureys, sem áttaði sig á því að sjúkdómsgreiningin var röng.

Laureys kenndi Huyben síðan að tjá sig með því að nota sérhannað tölvulyklaborð.

- gb






Kröfuhafar gamla Landsbankans mótmæla öllum samþykktum forgangskröfum:

# Eignir rýrnað um 38 milljarða

**VIÐSKIPTI** Eignir gamla Landsbankans hafa rýrnað um 38 milljarða frá síðasta mati á eignunum sem fór fram í sumar. Þær nema nú um 1.164 milljörðum króna.

Þetta kom frá á kröfuhafafundi sem fram fór á Hótel Nordica í gær. Lárentsínus Kristjánsson, formaður skilanefndar bankans, segir rýrnun upp á 21 milljarð mega rekja til gengisstyrkingar krónunnar, en þar að auki voru eignirnar metnar sautján milljörðum minni en áður eftir að farið hafði verið yfir öll lán og eignir. Samkvæmt þessu endurheimtast 88 prósent af forgangskröfum í búið í stað níutíu prósenta eins og talið var í sumar.

Fulltrúar um 160 kröfuhafa sóttu fundinn í gær og var öllum samþykktum forgangskröfum í þrotabúið mótmælt. Samþykktar forgangskröfur nema um 1.273 milljörðum króna, og eru nær allar tilkomnar vegna Icesave-reikninganna.

Kristinn Bjarnason, sem situr í slitastjórn bankans, segir ólíklegt að það takist að jafna ágreininginn um kröfurnar og því megi búast við því að fjöldi kröfuhafa láti reyna á lögmæti neyðarlaganna fyrir dómstólum. Ómögulegt sé að segja til um hvenær það verður eða hversu langan tíma það tekur.




**AF FUNDINUM** Kristinn Bjarnason kynnti niðurstöðurnar. Búist er við því að látið verði reyna á lögmæti neyðarlaganna. MYND/LANDSBANKINN

Stefnt er að því að búið verði að taka afstöðu til allra krafnanna í búið, allt 11.950 talsins, fyrir næsta kröfuhafafund sem haldinn verður 24. febrúar.

- sh

# Of stór biti

## Nýjar álögur mismuna framleiðslufyrirtækjum og skaða samkeppnishæfni þeirra



Íslensk fyrirtæki í matvælaiðnaði eiga undir högg að sækja eins og önnur fyrirtæki í landinu. Vandinn felst ekki í minnkandi sölu, því landsmenn hafa aldrei verið duglegri að velja íslenskt, heldur í því að allur rekstrarkostnaður hefur hækkað.

Fyrirhugaður flutningur á framleiðsluvörum okkar úr 7% í 14% virðisaukaskattþrep, til viðbótar vörugjöldum sem lögð voru á frá 1. september, mun án efa þyngja róðurinn enn frekar. Afleiðingin verður samdráttur, uppsagnir og hækkað vöruverð.

**Við skorum á ríkisstjórnina að hugsa málið til enda**

SI

*Samtök iðnaðarins - www.si.is*

Katla · Nói Síríus · Ölgerðin Egill Skallagrímsson · Góa Stofnað 1968 · Kexsmiðjan · Freyja · Frón

Kjarnavörur hf · Vífilfell

HVITA HUSID / SIA

## GENGIÐ 23.11.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,21 | 122,79 |
| Sterlingspund | 202,97 | 203,95 |
| Evra | 183 | 184,02 |
| Dönsk króna | 24,588 | 24,732 |
| Norsk króna | 21,85 | 21,978 |
| Sænsk króna | 17,792 | 17,896 |
| Japanskt jen | 1,3746 | 1,3826 |
| SDR | 195,82 | 196,98 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
235,6188

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Níu matvælaframleiðendur skora á þingmenn að hætta við að hækka vsk. í 14%:

# Skattahækkanir krefjast uppsagna

**SKATTAMÁL** Uppsagnir og launalækkanir blasa við hjá þeim íslensku fyrirtækjum sem framleiða vörur sem ætlunin er að beri fjórtán prósenta virðisaukaskatt í stað sjö prósenta eins og nú er.

Níu fyrirtæki í matvælaiðnaði hafa, ásamt Samtökum iðnaðarins, sent alþingismönnum bréf og vakið athygli þeirra á þessu. Í því segir að svo virðist sem ætlun stjórnvalda sé að torvelda starfsemi þeirra með skattahækkuninni. „Fari fram sem horfir er óhjákvæmilegt að við verðum að fækka starfsfólki og draga eins og kostur er úr launakostnaði vegna þeirra sem eftir verða,“ segir í bréfinu.



**KEXFRAMLEIÐSLA** Varað er við afleiðingum skattahækkana á sætmeti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skorað er á þingmenn að láta eitt yfir alla ganga og hverfa frá þeirri mismunun sem felst í því að skattleggja sérstaklega vörur gamalgróinna íslenskra iðnfyrirtækja. Undir erindið rita Nói – Síríus, Kjarnavörur, Vífilfell, Frón, Ölgerðin, Kexsmiðjan, Góa, Katla og Freyja ásamt Samtökum iðnaðarins. - bþs

### SÓDAVATN HÆKKAR UM 20 PRÓSENT

**Dæmi SI um skattahækkanir frá ágúst 2009 til 2010**

| | ág.´09 | sept.´09 | mars´10 |
|---|---|---|---|
| Sódavatn | 268 kr. | 302 kr. | 321 kr. |
| Ávaxtasafi | 213 kr. | 230 kr. | 245 kr. |

Verðdæmin eru í búð með vsk.

Bráðabirgðatölur OECD:

# Hagvöxtur á þriðja fjórðungi

**EFNAHAGSMÁL** Hagvöxtur í ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) jókst um 0,8 prósent milli ársfjórðunga á þriðja fjórðungi þessa árs, eftir að leiðrétt hefur verið fyrir árstíðabundnum sveiflum.

Í helstu iðnríkjum mældist aukning landsframleiðslu 0,7 prósent, úr núlli á fyrri fjórðungi. Nokkur sveifla er þó innan hópsins, en aukningin mældist mest 1,2 prósent í Japan. Löndin sýndu öll bata, nema Frakkland sem stendur í stað milli fjórðunga.

Hagvöxtur í evrulöndum jókst um 0,4 prósent og um 0,2 prósent í löndum Evrópusambandsins. - óká

Karlmaður um fertugt:

# Sló sautján ára stjúpdóttur með moppuskafti

**DÓMSMÁL Tæplega fertugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Suðurlands fyrir að hafa gengið í skrokk á sautján ára stjúpdóttur sinni.**

**Manninum er gefið að sök að hafa í september á síðasta ári slegið stjúpdótturina í líkamann með moppuskafti. Jafnframt að hafa snúið upp á hendur hennar og fætur og slegið hana í ofanverðan líkamann. Afleiðingarnar urðu þær að stúlkan hlaut tímabundna skerta hreyfigetu, auk eymsla í hægri úlnlið og eymsla víðs vegar um líkamann.** - jss



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**MÓTMÆLI Í BRUSSEL** Hópur mótmælenda kom saman fyrir utan byggingu leiðtogaráðs Evrópusambandsdins í Brussel í gær, með grímur nokkurra helstu leiðtoga sambandsins.

# Bandaríkin og Kína sögð hindra lausnir

**Enn togast aðildarríki Sameinuðu þjóðanna á um markmið í loftslagsmálum, sem setja þarf á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn í næsta mánuði. Evrópusambandið segir Bandaríkin og Kína standa í vegi fyrir samkomulagi.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Evrópusambandið hvetur ráðamenn í Bandaríkjunum og Kína til þess að taka af skarið og setja sér markmið í loftslagsmálum, svo loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn verði ekki árangurslaus.

Evrópusambandið segir tregðu þessara tveggja ríkja koma í veg fyrir að samningar um ráðstafanir í loftslagsmálum geti tekist á ráðstefnunni sem haldin verður um miðjan næsta mánuð.

Aðeins tvær vikur eru þangað til ráðstefnan hefst, og enn hafa ekki ákveðin markmið verið sett fram af hálfu Kína og Bandaríkjanna.

Bandaríkin hafa enn ekki gefið nein loforð um hve mikið þau ætla að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þar er beðið eftir þinginu, sem hefur í smíðum frumvarp um loftslagsmál. Meðan það frumvarp hefur ekki verið afgreitt getur Barack Obama forseti ekki gefið nein loforð.

Kínverjar hafa heldur ekki sett fram nein loforð önnur en þau að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir því sem hægt er. Kínverjar eru þeirrar skoðunar að þróunarríki eigi ekki að gefa upp ákveðin markmið heldur láta efnahagsgetu ráða hve langt er gengið ár hvert.

Vísindamenn á vegum Sameinuðu þjóðanna hafa mælt með því að auðug iðnríki dragi úr losun um 25 til 40 prósent til ársins 2020, frá því sem var árið 1990.

Evrópusambandið hefur heitið því að draga úr losun um 30 prósent, ef önnur ríki fylgja því fordæmi, og síðan draga að mestu úr allri losun fyrir árið 2050, eða um 95 prósent.

Bandaríkin hafa ekki hugsað sér að ganga svo langt, heldur draga úr losun um aðeins 3,5 prósent.

Evrópusambandið hefur hins vegar ekki enn lofað fátækari þróunarríkjum fjárstuðningi til þess að auðvelda þeim að draga úr losun. Evrópusambandið hefur aðeins lofað því að taka þátt í að fjármagna alþjóðlegan sjóð í þessu skyni, án þess að nefna ákveðnar upphæðir.

Ekki er lengur reiknað með að á ráðstefnunni verði afgreitt bindandi samkomulag, heldur aðeins pólitísk yfirlýsing um markmið. Væntanlega verður stefnt að því að þau markmið verði útfærð nánar á næsta ári. gudsteinn@frettabladid.is

Átak um betri miðborg:

# Ætla að efla miðborgina

**BORGARMÁL Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri og Magnús G. Friðgeirsson, formaður félagsins Miðborgin okkar, hafa undirritað samstarfssamning sem stuðla á að eflingu miðborgarinnar.**

**Miðborgin okkar er nýtt félag og að því standa kaupmenn og rekstraraðilar í verslun og þjónustu í miðborg Reykjavíkur. Megintilgangur félagsins er að efla verslun, þjónustu og menningu í miðborginni, markaðssetja hana innanlands sem utan og stuðla að hreinni og fegurri miðborg. Samningurinn er til þriggja ára og styrkir Reykjavíkurborg starfsemi og rekstur félagsins um fimm milljónir króna á hverju rekstrarári. Enn fremur þiggur félagið framlag frá Bílastæðasjóði.** - shá

Hálfsjötug fyrrum bankakona:

# Segist alsaklaus af fjárdrætti

**LÖGREGLUMÁL** Hálfsjötug kona sem grunuð um tugmilljóna fjárdrátt úr Kaupþingi segir að málið hljóti að vera á misskilningi byggt. Hún sé alsaklaus.

„Þetta mál er faktískt ekki til,“ segir Anna Heiðdal, sem grunuð er um að draga sér féð, sextíu til sjötíu milljónir að því er fram kom í fjölmiðlum í gær. Anna hætti störfum hjá Kaupþingi í sumar eftir að í ljós kom að hún hafði veitt fólki sér nákomnu lán. Hún fullyrðir að hvorki hún né nokkrir aðrir hafi hagnast á þeim lánveitingum. Önnur meint brot eru þó einnig til rannsóknar.

Anna segist fullviss um að rannsókn efnahagsbrotadeildar, sem hún segist ekki hafa vitað að stæði yfir fyrr en í fréttum um helgina, muni leiða sakleysi hennar í ljós. - sh

### SAMGÖNGUR

**Bílstjórar í gám**

Sótt hefur verið um leyfi byggingarfulltrúans í Reykjavík til að koma fyrir gámi við Háskólann í Reykjavík í Hlíðarfæti. Gáminn á að nota sem bráðabirgðaaðstöðu fyrir strætisvagnastjóra.

### LEIÐRÉTT

Vírusvarnarforrit Friðriks Skúlasonar var rangnefnt Frisk í blaðinu í gær. Það heitir Lykla-Pétur, eða F-Prot upp á ensku.

Hinn 21. nóvember síðastliðinn birtist grein í Fréttablaðinu um galdraprestinn Pétur Þorsteinsson. Í greininni kom fram að næsta galdramessa færi fram í Háteigskirkju en rétt er að hún fer fram 14. mars í kirkju Óháða safnaðarins við Háteigsveg 54. Beðist er velvirðingar á þessu.

Í bakþönkum Gerðar Kristnýjar, sem birtust í blaðinu í gær, vantaði titil á ljóði eftir Ísak Harðarson. Ljóðið heitir Eitt gamaldags gagnáróðursljóð fyrir Himininn.




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
Veðurfréttamaður

**VINDASAMIR DAGAR** Það fer að hvessa þegar kemur fram á síðdegið og í kvöld er útlit fyrir strekkings vindi um nánast allt land. Það hvessir enn frekar í nótt og á morgun er útlit fyrir að vindhraðinn verði á bilinu 10-20 m/s, hvassast norðvestan- og suðaustanlands.



**Á MORGUN**
10-20 m/s, hvassast NV- og SA-lands.

**MÁNUDAGUR**
8-15 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 9° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 10° |
| Eindhoven | 14° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 14° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 12° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | 7° |
| París | 14° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

you can
Canon

EOS

# Canon EOS 7D er komin!

## Fangaðu heiminn með Canon EOS

Farðu lengra með Canon EOS – yfirgripsmesta stafræna SLR kerfinu í heiminum; útskiptanlegar linsur og aukahlutir sem tryggja sveigjanleika. Þrautreynt af atvinnu- og áhugaljósmyndurum. Uppáhald ljósmyndara um allan heim. Traustur íslenskur dreifingaraðili - Sense ehf, dótturfélag Nýherja, umboðsaðili Canon á Íslandi.




**Canon EOS 7D**
Hönnuð af þér, smíðuð af Canon

- 18 megapixla APS-C CMOS sensor
- Tekur 8 ramma á sek.
- ISO allt að 12800 fyrir léleg birtuskilyrði
- 100% sjóngluggi (viewfinder)
- 19 cross-typer AF punktar
- iFCL mælingakerfi
- Dual „DIGIC 4“ örgjörvar
- Full HD vídeó (1080)
- Innbyggður Speedlite Transmitter
- 3” Clear View II LCD skjár
- Magnesíum hús með vörn gegn veðri

***dpreview.com:*** *„Highly Recommended“*
***dpreview.com:*** *„Make no mistake, Canon wants to be the default choice again...“*




**Canon EOS 5D Mark II**
Farðu enn lengra í þinni ljósmyndun

- 21.1 megapixla full frame CMOS sensor
- DIGIC 4 örgjörvinn skilar framúrskarandi litum & blæbrigðum
- ISO allt að 25600
- Full HD (1080) vídeó
- 3.0“ há-upplausna LCD skjár m/ Live View
- Tekur 3.9 ramma á sek.
- 9 punkta AF kerfi + 6 auka AF punktar
- EOS innbyggt rykhreinsikerfi
- Magnesíum hús – Byggð fyrir kröfuharða notendur
- Víðtækt úrval af linsum og aukahlutum

***dpreview.com:*** *„Highly Recommended“*
***dpreview.com:*** *„We have always placed a heavy emphasis on image quality, and all other things aside this means the 5D Mark II has to receive our highest rating.“*




**Canon EOS 1D Mark IV**
Meira en tala – byrjar í sölu í desember

- 16.1 megapixla APS-H CMOS sensor
- Tekur 10 ramma á sek. – allt að 121 JPEG
- 45 punkta AF kerfi með 39 cross type nemum
- Full HD (1080p) vídeó m/ handvirkri stjórn
- ISO allt að 102400
- 3.0” Clear View II LCD skjár m/ Live View
- Dual “DIGIC 4” örgjörvar
- EOS innbyggt rykhreinsikerfi
- Endingargott og vel byggt „weatherproofed“ hús

***Vincent Laforet, ljósmyndari, sem árið 2005 fékk viðurkenningu sem „100 Most Influential People in Photography“ af American Photo Magazine, segir eftirfarandi um EOS 1D Mark IV:***

*„ ... my jaw dropped even harder when I took a prototype of the Canon 1D MKIV outdoors to test it at night.“ ...Nothing prepared me for what happened next.“*

*„I set the ASA to high - and I pointed it towards an area lit by a single flood light. The image was overexposed by 4-5 stops. I then started to play with the settings, pointing my light into an area in complete shadow (my eye saw nothing but black) but on the rear of the LCD I saw sharp, green leaves as crystal clear as if it were shot in daylight.“*

*„I think it’s safe to say that every single filmmaker and photographer has always dreamed of cameras that can see what our naked eyes can see.  This time these cameras can actually see more. Sure - they may not have the dynamic ranges of our eyes just yet - but they see more than my naked eyes can see in low light.“*

Hafðu samband við eða kíktu í heimsókn til viðurkennds Canon söluaðila og prófaðu EOS.
Einnig nánari upplýsingar á www.canon.nyherji.is

sense
Dreifingaraðili Canon neytendavara

**KJÖRKASSINN**



*Óttast þú áhrif Suðvesturlínu á vatnsból Reykvíkinga?*

| | |
|---|---|
| Já | 34,5% |
| Nei | 65,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Vilt þú að reist verði samgöngumiðstöð í Reykjavík, eins og áætlanir gerðu ráð fyrir?*

Segðu skoðun þína á vísis.is

vísir

Ekki útilokað að erlendir auðmenn fjármagni 1998 með Bónusfjölskyldu samkvæmt nýju tilboði til Avion:

# Liggja yfir tilboði 1998 fram í janúar

**VIÐSKIPTI** Móðurfélag Haga, 1998 ehf., gerði Arion banka, áður Kaupþingi, tilboð í gær um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins. Arion banki hyggst skoða tilboðið fram í miðjan janúar, en samkvæmt því mun ekki koma til neinna afskrifta á skuldum félagsins.

„Þetta er stórt fyrirtæki og það eru ýmsir þættir í þessu tilboði og þessum hugmyndum sem þarf að fara vel yfir,“ segir Finnur, spurður hvers vegna þyrfti hátt í tvo mánuði til að meta tilboðið.

Í tilkynningu frá Arion banka segir að málið sé flókið og því þurfi tíma til að meta tilboðið og skoða aðra kosti í stöðunni. Aðspurður vill Finnur ekki gefa upp hverjir hinir kostirnir í stöðunni séu. Hann vill heldur ekkert segja um innihald tilboðsins eða aðkomu erlendra fjárfesta.

Hvorki Jóhannes Jónsson né Jón Ásgeir Jóhannesson vildu tjá sig um málið þegar eftir því var leitað í gær. Jón sagði viðræður í gangi um endurskipulagningu og fjárfestarnir yrðu kynntir þegar viðræðum lyki.

DV greindi frá því í gær að Malcolm Walker, Sir Tom Hunter og Don McCarthy, sem allir eru nánir viðskiptafélagar Jóns Ásgeirs og Baugs í Bretlandi, kynnu að vera á meðal þeirra sem kæmu að fjármögnun 1998 með sjö til tíu milljarða króna fjárfestingu.

Ekkert hefur fengist staðfest um fjárfestana en Jóhannes Jónsson sagði við RÚV í gær að rangt væri að Tom Hunter væri þeirra á meðal. Jón Ásgeir mun nú staddur í Bretlandi. Hann hefur sömuleiðis rætt við fleiri og er því ekki útilokað að fleiri erlendir auðmenn komi að borðinu. Ekkert liggur fyrir um skiptingu eignarhlutar í félaginu.

**- sh, jab**



**VERSLAÐ Í HAGKAUPUM** Svo kann að fara að hópur erlendra auðmanna eignist stóran hlut í Bónus, Hagkaupum og fjölda annarra verslana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





Xerodent
Við munnþurrki

**Þreföld virkni Xerodents**

- Eplasýra – örvar munnvatnsframleiðslu
- Flúor – ver tennurnar gegn skemmdum
- Xylitol – hemur bakteríuvöxt í munni

**Xerodent 28,6 mg/0,25 mg munnsogstöflur.**
**Notkunarsvið og skömmtun:** Hver tafla inniheldur eplasýru 28,6 mg og natríumflúoríð samsvarandi 0,25 mg af flúor. Xerodent er lyf til varnar tannskemmdum notað við meðhöndlun einkenna vegna munnþurrks og fyrirbyggjandi við tannskemmdum hjá sjúklingum með munnþurrk.
**Skammtastærðir fyrir fullorðna:** 1 tafla eftir þörfum, venjulega 6 sinnum á dag. Við mikinn munnþurrk má auka skammtinn í 12 töflur á dag í takmarkaðan tíma. Töfluna á að láta bráðna hægt í munni. Dreifa skal skammtinum jafnt yfir daginn.
**Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna ættu ekki að nota Xerodent. Við meðhöndlun með Xerodent skal forðast að nota önnur lyf sem innihalda flúor. Xerodent má ekki nota á landsvæðum þar sem flúorinnihald drykkjarvatns er hátt. Vegna þess að Xerodent inniheldur xylitól getur það haft hægðalosandi verkun.
**Meðganga/brjóstagjöf:** Engin þekkt áhætta við notkun á meðgöngu. Natríumflúoríð skilst ekki út í brjóstamjólk. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Actavis Group hf. 29. nóvember 2007.


# Breytt viðhorf til flugvallarins líkleg

**Formaður skipulagsráðs segir ekki ólíklegt í ljósi breyttra efnahagsaðstæðna að fólk fari að hugsa öðruvísi um Reykjavíkurflugvöll, sem átti að víkja árið 2024. Samgönguráðuneytið hafi breytt um stefnu í málinu en ekki Reykjavíkurborg.**

**REYKJAVÍK** Ekki er ólíklegt að menn breyti hugsun sinni um framtíð Reykjavíkurflugvallar í ljósi breyttra efnahagsaðstæðna, að mati formanns skipulagsráðs, Júlíusar Vífils Ingvarssonar.

Hann var spurður hvernig ný flugstöðvarbygging, sem greint var frá í blaðinu í gær, færi saman við aðalskipulag borgarinnar, sem gerir ráð fyrir að stór flugbraut á vellinum hverfi árið 2016 og afgangurinn 2024. Um leið var hann spurður hvort nú væri rætt um að flugvöllurinn yrði lengur í Vatnsmýrinni en áður var áætlað:



**JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON**

„Nú er í vinnslu nýtt aðalskipulag til 2030. Sveitarfélög þurfa að gera nýtt skipulag reglulega samkvæmt lögum, og þá er flugvöllurinn auðvitað undir líka. Ég get ekki sagt fyrir um tímasetningar í þessu samhengi. Önnur stóra flugbrautin á að hverfa 2016, en ég held að það sé ekki ólíklegt að menn fari að horfa til breyttra aðstæðna í efnahagslífinu þegar þeir skoða framtíð flugvallarins hér í Vatnsmýrinni á næstu árum og tímasetningar,“ segir Júlíus.

Í apríl þessa árs kom tilkynning frá Reykjavíkurborg og samgönguráðuneytinu um samgöngumiðstöðina. Þar sagði að hlutverk hennar væri mikilvægt, hvort sem flugvöllurinn yrði á sínum stað eða ekki, „enda er samgöngumiðstöð ætlað að hýsa alla samgöngustarfsemi í Vatnsmýrinni til framtíðar“.

Nýjustu hugmyndir um miðstöð á svæðinu fjalla um að byggt verði aðallega utan um flugsamgöngur, en Umferðarmiðstöðin standi einnig áfram. Í gær sagði Júlíus Vífill að hann myndi fara vel yfir erindi frá samgönguyfirvöldum um nýbyggingu flugstöðvar, enda væri núverandi aðstaða flugsins óviðunandi.

Þrátt fyrir að ný flugstöð virðist því byggja á öðrum forsendum en samgöngumiðstöðin átti að gera segir Júlíus Vífill að engin stefnubreyting hafi orðið af hálfu borgarinnar, heldur samgönguráðuneytisins.

Spurður hvort rökin fyrir uppbyggingu á vellinum snúist þá um innanlandsflugið eða um allsherjar samgöngustarfsemi borgarinnar, segir Júlíus: „Þetta er góð spurning, en ég get ekki séð annað en að þarna sé um samgöngumiðstöð að ræða, þótt hún sé með öðru sniði en rætt hefur verið um til þessa.“ Ekki náðist í Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra í gær.

**klemens@frettabladid.is**



**AÐFLUG Í REYKJAVÍK** Borgaryfirvöld segjast ekki hafa breytt um stefnu í málefnum Reykjavíkurborgar þótt þeim lítist vel á nýja flugstöð á gamla staðnum í stað stórrar samgöngumiðstöðvar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## REIKNA MEÐ FLUGVELLI ÁFRAM

Lífeyrissjóðirnir koma til með að fjármagna fyrirhugaða flugstöð eða samgöngumiðstöð.

Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóðanna, sagði í blaðinu í gær að reiknað væri með viðskiptamódeli sem byggði á því að umferð um völlinn og húsaleiga borguðu framkvæmdirnar á tuttugu til þrjátíu árum. En hvernig fer þetta saman við aðalskipulag Reykjavíkur um að flugvöllurinn minnki um helming 2016 og hverfi með öllu árið 2024?



**ARNAR SIGURMUNDSSON**

„Ég held að það gefi sér nú flestir að það verði flugvöllur þarna áfram, aftur á móti hefur verið talað um það að hann verði takmarkaðri, brautum verði fækkað og þess háttar,“ segir Arnar Sigurmundsson.

„En svo myndi þetta viðskiptamódel gilda um aðrar flugstöðvar líka. Innanlandsflugið væri allt inni í þessu módeli, sem hefur verið kynnt þannig að það sé ekki bara verið að rukka farþega sem eiga leið um eina flugstöð heldur yrði þetta bara inni í fargjöldum.“

Verði að auki farið í svo litla framkvæmd sem nú er rætt um, allt niður í 1.500 fermetra, yrði sá tími sem þarf til endurgreiðslu líka styttri. Áður hafði verið rætt um 3.600 fermetra byggingu við sjóðina.

„Þar fyrir utan hefur verið gert ráð fyrir því að það hús sem yrði reist yrði auðfæranlegt,“ segir Arnar. Það mætti því nýta í eitthvað annað, fari flugvöllurinn.


HEIM TIL MÍNS HJARTA EFTIR ODDNÝJU EIR ÆVARSDÓTTUR

FAÐIR ÞINN ER KONA

DYNAMO REYKJAVÍK




Útgáfuhátíð Eymundsson Skólavörðustíg kl. 17.00 í dag! Velkomin!

**Kona með kramið hjarta** leitar sér hjálpar á hæli. Á hana leita spurningar um ást og traust, kvenleika, punga og endurfæðingu kátínunnar. Bráðskemmtileg saga á mörkum alls sem er.

BJARTUR



SJÁLFSÆVISAGA SÍBROTAMANNS




**Einstæð frásögn úr afkimum samfélagsins.**
*– Sigurður G. Tómasson, útvarpsmaður*

**Bók sem hlýtur að vekja áhuga allra.**
*– Einar Már Guðmundsson, rithöfundur*

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is


Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þingmaður Samfylkingar og fyrrverandi borgarstjóri:

# Alls ósammála ráðherranum

**REYKJAVÍK** Með því að reisa flugstöð í jaðri núverandi flugstöðvar, en ekki nýja samgöngumiðstöð fyrir rútur, leigubíla og flug, er Reykjavíkurborg að taka stóra u-beygju að mati Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, þingmanns Samfylkingarinnar og fyrrverandi borgarstjóra, sem nú situr í samgöngunefnd Alþingis.

Þetta lýsi hringlandahætti í skipulagsmálum þar.

„Það er búið að vinna að þessu skipulagi, sem miðar að því að flugvöllurinn hopi hægt og bítandi, í tíu ár,“ segir hún. Skyndilega eigi að hverfa frá því.



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR**

Í blaðinu í gær sagði Kristján L. Möller samgönguráðherra að ein ástæðan fyrir því að lítil flugstöð kæmi til greina væri sú að hagsmunaaðilar hefðu farið fram á að stöðin yrði minni, enda hefði orðið samdráttur í fluginu.

„Ég verð að segja að ég er alveg ósammála þessum yfirlýsingum samgönguráðherra. Flugrekstraraðilar eiga ekki að ákveða það hvernig skipulag er í borginni,“ segir Steinunn Valdís. Það sé pólitísk ákvörðun samgönguyfirvalda í samvinnu við borgaryfirvöld á hverjum tíma.

**- kóþ**




# ATH! AÐEINS 14 RÚM Í BOÐI. FYRSTUR KEMUR, FYRSTUR FÆR!



**AC12 ÞRÝSTIJÖFNUNARHEILSURÚM**

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

ARGH!!! 241109

**AC12 ÞRÝSTI-JÖFNUNARRÚM**
(Queen size 153x203)
Verð 236.340 kr.
**NÚ 139.440 kr.**

**JÓLATILBOÐ**
Heilsukoddar frá
**5.915 kr.**

30% AFSLÁTTUR



**JÓLATILBOÐ**
Kauffmann
hitajöfnunardúnsængur
Verð frá
**21.600 kr.**

**rekkjan**
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hve margir vírusar herja á tölvur heimsins á degi hverjum?

2 Hver skoraði fimm mörk í leik í ensku úrvalsdeildinni á sunnudag?

3 Hvað heitir mynd Friðriks Þórs Friðrikssonar sem frumsýnd verður á nýársdag?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Einar K. Guðfinnsson varar við því að niðurstöður haustralls séu oftúlkaðar:

# Ákvörðunin árið 2007 var rétt

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** „Ég sé ekki betur en varðandi aflaákvörðunina séu stjórnvöld búin að binda okkur í báða skó og þess vegna get ég ekki séð að stjórnvöld séu neitt að fara að auka kvótann," segir Einar K. Guðfinnsson, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, um niðurstöður úr haustralli Hafrannsóknastofnunar.

„Varðandi það hvort bæta eigi við þorskveiðina núna, þá skil ég vel þau sjónarmið. En hins vegar hefur ríkisstjórnin talað mjög skýrt í þeim efnum. Á fyrstu dögum ríkisstjórnarinnar var ákveðið að fylgja tuttugu prósenta aflareglu og að henni skyldi framfylgt í fimm ár."



**EINAR K. GUÐFINNSSON** Vill ræða niðurstöður haustrallsins í Sjávarútvegsnefnd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Einar segir vísbendingar haustrallsins jákvæðar varðandi þorskinn en varast beri að oftúlka þær. „Ef við skoðum þorskinn sérstaklega er ljóst að minnkandi sókn hefur sitt að segja. Veiðidánartalan hefur snarlækkað og við þurfum að fara hér um bil þrjá áratugi aftur í tímann til að sjá svona litla veiðisókn og það á að auðvitað að skila sér. Við sjáum líka ýmis jákvæð teikn. sérstaklega í sambandi við hrygningarstofninn og samsetningu hans. Það ætti að vera mikilvæg forsenda fyrir betri nýliðun á næstunni. Þetta segir mér að ákvörðunin umdeilda árið 2007 var rétt þegar hún var tekin", segir Einar.

Einar og Jón Gunnarsson, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, hafa beðið um fund í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis til að ræða niðurstöður haustrallsins. **- shá**

Mannréttindadómstóll Evrópu:

## Kallað eftir dómaraefnum

**STJÓRNSÝSLA** Kallað er eftir umsóknum þeirra sem áhuga hafa á að vera tilnefndir sem dómaraefni við Mannréttindadómstól Evrópu fyrir Íslands hönd fyrir 3. desember næstkomandi.

Á vef Dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins kemur fram að Evrópuráðið hafi farið fram á að þrjú dómaraefni verði tilnefnd. Kjörtímabil íslensks dómara við dómstólinn rennur út í októberlok 2010. Umsækjendur verða að vera grandvarir og annaðhvort fullnægja kröfum um hæfi til æðri dómarastörfa, eða „vera lögvísir svo orð fari af," að því er fram kemur í frétt ráðuneytisins. **- óká**





Hvítt fyrir sparsama.



OSRAM DULUXSTAR®

Warm Comfort Light

| Eiginleikar vöru | DULUXSTAR® Stick | DULUXSTAR® Mini Twist | DULUXSTAR® Mini Ball | DULUXSTAR® Mini Candle | DULUXSTAR® Reflector R63 |
|---|---|---|---|---|---|
| Orkusparnaður allt að | 80 %[1] | 80 %[1] | 80 %[1] | 80 %[1] | 80 %[1] |
| Meðallíftími | 10.000 klst. | 8.000 klst. | 10.000 klst. | 10.000 klst. | 10.000 klst. |
| NÝR ljóslitur! Warm comfort | já | já | já | já | já |
| Kveikingar | 20.000 [2] | 5.000 [2] | 10.000 [2] | 10.000 [2] | 20.000 [2] |
| Vött (W) | 5-30 | 5-23 | 5-20 | 5-10 | 11-13 |
| Sökkull | E14, E27 | E14, E27 | E14, E27 | E14, E27 | E27, R63 |

[1]Miðað við venjulegar glóperur | [2] Kveikingar: 90 mín kveikt, 15 mín. slökkt

OSRAM

Jóhann Ólafsson & Co. | Krókhálsi 3 | sími 533-1900 | www.olafsson.is


# Fimmta hver götuð víðar en í eyrunum

**19,6 prósent stúlkna í tíunda bekk eru með lokka og pinna víðar en í eyrum. Milli fimm og sex prósent barna á sama aldri bera varanleg húðflúr. Algengara er að yngri börn láti húðflúra sig í óleyfi. Áttatíu prósent þeirra eldri fengu leyfi fyrst.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Tæpur fimmtungur, eða 19,6 prósent, unglingsstúlkna í tíunda bekk grunnskóla er með hringi eða pinna annars staðar en í eyrunum. Þetta kemur fram í könnun Rannsókna og greiningar meðal grunnskólabarna. 6,5 prósent drengja á sama aldri bera ámóta skraut.

Þá kemur fram að 5,8 prósent drengja í tíunda bekk hafa látið setja á sig varanlegt húðflúr, en 4,7 prósent stúlknanna.

Hlutfallið lækkar heldur með yngri aldri, en í níunda bekk eru 13,6 prósent stúlkna með pinna og hringi annars staðar en í eyrunum og 6,3 prósent í áttunda bekk. Þá bera ekki margar stúlkur á þeim aldri varanleg húðflúr, 2,2 prósent í níunda bekk og 1,6 prósent í yngsta hópnum. Svipaða sögu er að segja af drengjunum.

Rannsóknin var lögð fyrir árið 2008 meðal um 85 prósenta nemenda á landinu öllu.

Þá virðist meirihluti unglinganna hafa fengið leyfi fyrir götun eða flúri hjá forráðamönnum, en færri hugsað út í smithættu eða fengið leiðbeiningar um hana. Þá mun vera misbrestur á að húðflúrstofur fari fram á að viðskiptavinir framvísi skilríkjum.

Af þeim krökkum í tíunda bekk sem fengið hafa sér varanleg húðflúr hefur 81 prósent fengið leyfi foreldra fyrir fram, en tæpur fimmtungur ekki.

Hlutfall þeirra sem ekki hafa fengið leyfi er svo aftur hærra eftir því sem börnin eru yngri sem farið hafa þessa leið.

„Við höfum verið að reyna að láta draga eitthvað úr þessu," segir Matthías Halldórsson landlæknir. „Og af því þetta er ekki bannað, að passa líka upp á að þeir sem gera þetta hafi einhverja kunnáttu í sóttvörnum og slíku."

Að sögn landlæknis þurfa þeir sem reka húðflúrstofur að hafa fengið upplýsingar og leiðbeiningar hjá embættinu áður en þeir fá starfsleyfi. „Hér starfar hjúkrunarfræðingur á sóttvarnasviði sem talar við fólkið og bendir þeim á helstu hættur."

Fari húðflúrstofur ekki að fyrirmælum um að gæta að aldri þeirra sem láta flúra sig eða gata, eða gæti þess ekki að börn hafi leyfi foreldra, segir Matthías stofurnar hætta á að missa starfsleyfi sitt. „Þær verða að gangast undir skilmála Heilbrigðiseftirlitsins, sem hefur verið í samráði við okkur."

olikr@frettabladid.is



**HÚÐFLÚRARI AÐ STÖRFUM** Rúmur þriðjungur barna á aldrinum 14 til 15 ára sem hafa fengið sér húðflúr hefur ekki fengið til þess leyfis foreldra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Vatnaskil með sendibúnaði frá Neyðarlínunni og nýjum GSM-sendi á Þórólfsfelli:

# Stöðugt GSM-samband í Þórsmörk

**FJARSKIPTI** GSM-símasamband er nú komið inn í Þórsmörk eftir að settur var upp GSM-sendir á Þórólfsfelli. „Þar til nú hefur farsímasamband í Þórsmörk verið stopult og bundið við lítið svæði í Básum en nú hefur orðið breyting þar á sem eykur þægindi og öryggi ferðamanna á svæðinu," segir Guðmundur Pálsson, tæknimaður hjá Vodafone. Símafyrirtækið á nýja sendinn, sem nær bæði til Bása og Langadals.

Að sögn Guðmundar var um leið tekinn í notkun sendibúnaður frá Neyðarlínunni. Sá búnaður tryggir öryggisfjarskiptasamband fyrir lögreglu og björgunarsveitir á svæðinu um Tetra-fjarskiptakerfið.

„Um nýjan sendistað fyrir Neyðarlínuna var að ræða og því þurftu starfsmenn hennar, tæknimenn Vodafone og verktakar að leggja mikið á sig til að koma búnaðinum upp," segir Guðmundur, sem segir fjarskiptaþjónustu í Þórsmörk nú vera eins og best verði á kosið. **- gar**



**ÆGIFAGURT UMHVERFI** Nýr farsímasendir á Þórólfsfelli. Í baksýn skriður Gígjökull fram úr Eyjafjallajökli. MYND/SIGURÐUR INGI HAUKSSON

# JÓLATILBOÐ




**Hágæða heilsudýnur**
**sérhannaðar fyrir Svefn & heilsu**

Nýtt svæðaskipt pokagormakerfi gefur réttan stuðning og hámarks hvíld

| Stærð sm | SAGA Verð | SAGA Jólatilboð | ÞÓR Verð | ÞÓR Jólatilboð |
|---|---|---|---|---|
| 100x200 | 119.900 | **94.900** | 139.900 | **109.900** |
| 120x200 | 139.900 | **109.900** | 159.900 | **124.900** |
| 140x200 | 149.900 | **119.900** | 179.900 | **139.900** |
| 153x203 | 164.900 | **129.900** | 189.900 | **149.900** |
| 160x200 | 169.900 | **134.900** | 199.900 | **154.900** |
| 180x200 | 189.900 | **149.900** | 219.900 | **174.900** |
| 180x210 | 199.900 | **159.900** | 239.900 | **189.900** |

**Frí heimsending á stór-Reykjavíkur svæðinu**
*á vörukaupum yfir 100.000 kr.*

**Verð með fallegum og sterkum leðurlituðum íslenskum botnum og fótum**
**Gerið gæða- og verðsamanburð**

**20%**
**afsláttur**
**af sængurverasettum**



**Jólagjöfin í ár**



**Svefnsófar**
**Íslensk framleiðsla**

**Vinsælasta jólagjöfin**
**IQ-CARE**
**Heilsukoddar**



**20%**
**afsláttur**




**Svefn & heilsa**
★★★★★




**6 mán.**
**vaxtalausar greiðslur**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

www.svefn.is



**STRANDAGLÓPAR** Þessar tvær kindur í Skotlandi urðu strandaglópar þegar flóðin miklu urðu í Bretlandi í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Bandarískir vísindamenn telja verkjastillandi lyf geta verið varhugaverð:

# Morfín sagt örva krabbavöxt

**VÍSINDI** Æ fleiri vísbendingar eru um að morfín, sem krabbameinssjúklingum er gefið til að lina verki, geti örvað vöxt og útbreiðslu krabbameinsfrumna.

Vísindamenn við læknadeild Háskólans í Chicago í Bandaríkjunum hafa nýverið birt niðurstöður rannsókna, sem sýna að morfín getur með beinum hætti bæði örvað frumuskiptinu krabbameinsfrumna og dregið úr ónæmisviðbrögðum líkamans gegn þeim. Þá getur morfín einnig örvað æðavöxt og myndun nýrra æða sem hjálpar krabbameinsfrumum að þrífast á nýjum stöðum í líkamanum.



**KRABBAMEINSMEÐFERÐ** Verkjastillandi morfín getur örvað vöxt krabbameinsfrumna. NORDICPHOTOS/AFP

Á fréttavef BBC er haft eftir Patrick Singleton, einum vísindamannanna í Chicago, að til sé lyf sem geti unnið gegn þessum áhrifum morfíns án þess að draga úr verkjastillandi áhrifum þess. Þetta lyf nefnist methylnaltrexone og var þróað fyrir um aldarfjórðungi til að vinna gegn hægðateppu, sem er ein af aukaverkunum morfíns. Í ljós hefur komið að sumir krabbameinssjúklingar sem fengu þetta lyf hafa lifað lengur en við var búist.

Niðurstöðurnar voru kynntar á ráðstefnu í Boston í Bandaríkjunum í síðustu viku. Vísindamennirnir segja þó frekari rannsókna þörf áður en breytingar verði gerðar á meðferð krabbameinssjúkra. - gb

Embætti landlæknis:

## Fimm sóttu um

**STJÓRNSÝSLA Fimm sóttu um embætti landlæknis en umsóknarfrestur rann út nýverið. Umsækjendur eru Finnbogi O. Karlsson, sem rekur lækningastofu í efnaskipta- og innkirtlalækningum í Arkansas í Bandaríkjunum, Geir Gunnlaugsson, prófessor við Kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík, Kristján Oddsson aðstoðarlandlæknir, María Heimisdóttir, yfirlæknir á hag- og upplýsingasviði Landspítala, og Ragnar Jónsson, sjálfstætt starfandi bæklunarskurðlæknir.**

**Matsnefnd fær umsóknirnar til umfjöllunar og skilar heilbrigðisráðherra áliti sínu á umsækjendum.** - bþs









# Vill fá peningana en ekki jólahlaðborðið

**Starfsmaður Orkuveitunnar gagnrýnir að halda eigi jólaveislu eftir lækkun launa í sumar og vill fá sinn hlut í peningum. Upplýsingafulltrúi fyrirtækisins segir peningana ekki til útgreiðslu. Málið verði rætt án milligöngu fjölmiðla.**

**FÓLK** „Ég skrifa þetta bréf til forstjórans vegna þess að ég er ósátt við að það sé verið að lækka launin okkar, þótt það sé aðeins tímabundið, þegar það er hægt að eyða í vitleysu eins og þennan jólamat,“ segir Heiðrún Ólafsdóttir, starfsmaður Orkuveitu Reykjavíkur.

Heiðrún skrifaði í síðustu viku Hjörleifi Kvaran, forstjóra Orkuveitunnar, opið bréf, þar sem hún segir fráleitt að fyrirtækið bjóði starfsmönnum og mökum þeirra í jólahlaðborð á sama tíma og ekki sé hægt að greiða umsamin laun. „Í stað þess að þiggja hátíðarkvöldverð vil ég heldur biðja þig um að leggja þá upphæð sem áætlað er að jólahlaðborðið kosti fyrir einn starfsmann og gest a reikning minn númer …,“ skrifar hún Hjörleifi og afþakkar boð í hlaðborðið.



**HJÖRLEIFUR KVARAN**

Jólahlaðborði Orkuveitunnar er skipt niður á nokkur kvöld og verður haldið í höfuðstöðvum fyrirtækisins sjálfs næstu helgar. Aðspurð segist Heiðrún ekki vita hvað hátíðarhöldin kosti en ljóst sé að um verulegar upphæðir sé að ræða hjá svo fjölmennu fyrirtæki. „Það er alveg hægt að gera sér dagamun fyrir minni pening og það er líka hægt að segja: Nú eigum við ekki peninga og þá gerum við okkur ekki dagamun en gerum það seinna þegar betur gengur,“ útskýrir hún sjónamið sín.



**HEIÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR** Vill fá peningana sem kostar að bjóða henni með maka í jólahlaðborð og nota þá á skynsamlegri hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Þau er allt frá því að fólk segist vera hjartanlega sammála yfir í það að finnast ég vera með dónaskap og skæting.
>
> **HEIÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR**
> STARFSMAÐUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Heiðrún kveðst enn ekki hafa fengið svar frá forstjóranum. Spurð um viðbrögð samstarfsmanna segir hún þau hafa verið misjöfn. „Þau eru allt frá því að fólk segist vera hjartanlega sammála yfir í það að finnast ég vera með dónaskap og skæting.“

Heiðrún segist gera sér grein fyrir að bréf hennar muni ekki breyta áætlunum Orkuveitunnar um jólahlaðborðið. „En ég gæti sjálf notað þennan pening í eitthvað sem mér finnst vera skynsamlegra,“ ítrekar hún.

Ekki fékkst samtal við Hjörleif Kvaran, forstjóra Orkuveitunnar, vegna þessa máls. „Þetta er tölvupóstur starfsmanns til síns forstjóra og það er ekki venjan að ræða ábendingar einstakra starfsmanna við þá í fjölmiðlum. Hann ræðir þetta einfaldlega við viðkomandi starfsmann,“ segir Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar.

Aðspurður segir Eiríkur ekki venju að deila starfsmannakostnaði á borð við jólahlaðborð niður á hvern og einn. „Þetta er ekki fé sem er til útgreiðslu.“

gar@frettabladid.is






Sveitarfélögin kynna hugmyndir til sparnaðar:

## Kennslustundum verði fækkað um 3 til 4 í viku

**SKÓLAMÁL** Sveitarfélögin vilja að kennslustundum í grunnskólum verði fækkað um þrjár til fjórar í hverri viku. Þetta er talið geta sparað 1,2 til 1,4 milljarða króna á ári í rekstri grunnskólanna.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að sveitarfélögin hafi nýlega kynnt menntamálaráðherra hugmyndir um breytingar sem gera þurfi á lögum til að auðvelda sveitarfélögum að hagræða í rekstri skólanna. Hugmyndir um að fækka kennslustundum í grunnskólum vegi þar langþyngst.

Um tíma höfðu sveitarfélögin áhuga á að stytta skólaárið og fækka kennsludögum um tíu á hverju ári. Horfið var frá því þar sem bundið er í kjarasamninga kennara að kennt sé í 180 daga á hverju skólaári. Vegna þess er talið einfaldara að breyta kennslustundafjöldanum.



**HALLDÓR HALLDÓRSSON**

Halldór segir að gangi hugmyndirnar eftir verði fækkunin tímabundin. Stefnt sé á að fjöldinn fari í fyrra horf þegar betur árar. Eins og efnahagsástandið er sé hins vegar nauðsynlegt að sveitarfélögin hafi svigrúm til þess að hagræða í rekstri skólanna. - pg

Landbrotið við Vík í Mýrdal:

## Reyna að finna fé til sjóvarna

**ÖRYGGISMÁL Samgönguráðuneytið segist hafa skilning á þeim sjónarmiðum sveitarstjórnar Mýrdalshrepps að bæta þurfi sjóvarnir við Vík í Mýrdal. Þetta kemur fram í bréfi ráðuneytisins til sveitarstjórnarinnar.**

**Í bréfinu segir enn fremur að samgönguráðuneytinu sé kunnugt um stöðu sjóvarnamála við Vík. Mikið og vaxandi landbrot hefur verið í fjörunni neðan við þorpið á undanförnum árum. Reynt hafi verið að afla fjármagns til að standa straum af endurbótum sem til þurfi. Það hafi ekki tekist enn sem komið er en unnið sé áfram að lausn málsins. Ráðgert er að samgöngunefnd Alþingis komi til Víkur á næstu vikum til að kynna sér aðstæður.** - gar




KEMUR ÚT Í DAG!

„Þóra er **stórskemmtileg** persóna; kaldhæðin, fyndin og berst hetjulega við að finna jafnvægi milli einkalífs og vinnu.“
**– Guardian**

# „TVÍMÆLALAUST Í HÓPI FREMSTU GLÆPASAGNAHÖFUNDA NORÐURLANDA“

THE TIMES



Þóra Guðmundsdóttir lögmaður reynir að fá endurupptekið mál fatlaðs manns sem situr inni á Sogni fyrir að kveikja í sambýli með skelfilegum afleiðingum. Ungum útvarpsmanni berast torkennileg skilaboð og ógnvekjandi símtöl. Og látin stúlka sækir í að standa við fyrirheit um að passa lítinn dreng. Saman fléttast þessir þræðir í glæpasögu sem fær hárin til að rísa.

**Yrsa Sigurðardóttir** bregst ekki dyggum lesendum sínum í magnaðri glæpasögu!

VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVIK

## „ORÐRÉTT“

### Aðgerða er þörf

**„Hvernig væri nú að hæstvirtur heilbrigðisráðherra fengi hæstvirtan fjármálaráðherra til að opna ofurlitla smugu á kassanum svo ég og fleiri verðum ekki að bíða mánuðum saman eftir aðgerðum áður en farið er að hjálpa upp á Grænlendinga?“**

SVANBJÖRG SIGMARSDÓTTIR
LIÐASJÚKLINGUR
Morgunblaðið 23. nóvember

### Þeir munu landið erfa

**„Ríkið hefur kjörið tækifæri til að láta bankana selja gjaldþrota fáokun í einingum til að efla samkeppni. Tækifærinu hefur verið glutrað. Bankarnir afskrifa óráðsíuskuldir okraranna og afhenda þeim fáokunina aftur.“**

JÓNAS KRISTJÁNSSON,
FYRRVERANDI RITSTJÓRI
jonas.is 23. nóvember

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SVERRIR MAGNÚSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI SKÓGASAFNS

## Láta ekki kreppu trufla framkvæmdir

„Við erum að byggja í kreppunni,“ svarar Sverrir Magnússon, framkvæmdastjóri Skógasafns, að bragði þegar hann er inntur eftir því hvað sé að frétta.

„Við erum byrjuð á stóru geymsluhúsi, sem er um 1.400 fermetrar að grunnfleti, en verður um 1.900 fermetrar í allt, þegar í það verður komið 500 fermetra milliloft.“ Það eigi að vera fullbúið árið 2012. Framkvæmdir haldi áfram í apríl næstkomandi og húsið verði reist næsta sumar, en veturinn verði notaður í að einangra að innan.

Sverrir segir að gaman hafi verið að geta byrjað á þessu verki í ár, en nú sé sextíu ára afmæli Skógasafns. Á málþingi í tilefni af því kynntu forsvarsmenn safnsins líka hugmyndir um gerð fræðaseturs í Skógum. Þar séu nokkuð stórhuga hugmyndir um uppbyggingu, sér í lagi á sviði þjóðháttа og þjóðfræði, þótt fræðasetrið geti líka tekið að sér ýmiskonar verkefni. „Ef yrði að hugmyndum um að gera þetta svæði hér að jarðfræðigarði þá gæti fræðasetrið tekið að sér fræðsluhlutverk sem þannig garðar þurfa á að halda.“



Þá segir Sverrir enn frekari hugmyndir um uppbyggingu á Skógum, en arkitekt vinni nú hugmyndir um stækkun á aðalbyggingu safnsins og þegar er búið að láta hanna tæplega 200 fermetra móttökusal.

Skógasafn er stærsti vinnuveitandinn á svæðinu. Sverrir bendir á að síðustu níu ár hafi gestafjöldi tvöfaldast, en velta hafi nífaldast á sama tíma með breyttri og aukinni þjónustu.

## FRÓÐLEIKUR
### GÖMLU MÁNUÐIRNIR

■ Gömlu íslensku nöfnin á mánuðunum eru ekki öllum töm.

Harpa hefst með sumardeginum fyrsta. Skerpla hefst laugardaginn í fimmtu viku sumars, á bilinu 19.-25. maí. Sólmánuður byrjar þann mánudag sem fellur á tímabilið 18.-24. júní. Heyannir hefjast síðan á bilinu 23.-29. júlí. Tvímánuður er fimmti mánuður sumars og hefst með þriðjudeginum í átjándu viku sumars. Haustmánuður er síðasti mánuður sumars.

Gormánuður hefst fyrsta vetrardag. Ýlir hefst svo með mánudegi í fimmtu viku vetrar. Þá kemur mörsugur sem hefst með miðvikudegi í níundu viku vetrar. Næst er þorri sem hefst með bóndadegi á föstudegi í þrettándu viku vetrar. Síðan kemur góan áður en einmánuður tekur við í 22. viku vetrar.

**TUNGUTAK**

## Döf og bömmer

■ **„Hvað er á döfinni?“ segjum við stundum þegar við spyrjum tíðinda eða viljum forvitnast um hvað fólk er með á prjónunum eða í bígerð. Orðið döf fær þó jafnan litla athygli. Ein merking þess er „hvíld, deyfð, drungi“ samkvæmt Íslenskri orðabók Menningarsjóðs. Döf hefur því svipaða merkingu og orðið bömmer, sem má finna í nýlegri útgáfu orðabókarinnar.**

**Döf getur einnig verið bleyta eða óhreinindi, og þykir það ekki til eftirbreytni að „láta barnið liggja í döfinni“. Að liggja á döfinni merkir síðan að slæpast, eða hringa sig saman liggjandi ef um dýr er að ræða. Sú merking er hins vegar álíka mikið notuð nú á dögum og setningin „Hvað er á bömmernum?“** - mt


# Aðalfundur GO og GOF

**verður haldinn í golfskálanum Urriðavelli fimmtudaginn 26. nóv. nk. kl. 20:00**

**Dagskrá:**
- Kosning fundastjóra og fundarritara, eftir tillögu stjórnar.
- Fundargerð síðasta aðalfundar lesin upp.
- Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir liðins starfsárs
- Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.
- Umræður og atkvæðagreiðslur um lagabreytingar og tillögur félaga
- Kosning stjórnar og varamanna í stjórn
- Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara
- Önnur mál

KÓPAVOGSBÆR

## Höfum áhrif á bæjarsamfélagið! Stórfundur kvenna í Kópavogi

*Eflum konur til starfa í bæjarstjórn, nefndum og ráðum Kópavogs 25. nóvember nk. kl. 20 í Turninum, Smáratorgi, á 20. hæð*

**Jafnréttisnefnd Kópavogs** boðar til opins kvennafundar vegna næstu bæjarstjórnarkosninga. Fundurinn er haldinn í samstarfi við alla stjórnmálaflokka í bæjarstjórn Kópavogs með það að markmiði að auka hlut kvenna á vettvangi bæjarstjórnarmála.

Mikilvægt er að konur komi til jafns við karla að mótun og stjórnun bæjarfélagsins. Með því móti getum við tryggt að þekking og reynsla kvenna nýtist til að gera góðan bæ enn betri.

**Konur!** Höfum áhrif á uppbyggingu nærsamfélagsins okkar, s.s. menntamála, íþrótta- og tómstundamála, forvarnamála, menningarmála, umhverfis- og skipulagsmála.

***Frummælendur:***
Una María Óskarsdóttir, form. jafnréttisnefndar, Framsóknarflokki.
Sigurrós Þorgrímsdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.
Guðríður Arnardóttir, oddviti og bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar.
Guðbjörg Sveinsdóttir, varabæjarfulltrúi Vinstri grænna.

***Fundarstjóri:*** Þóra Arnórsdóttir fjölmiðlakona.

***Verið hjartanlega velkomnar***
***Aðgangur er ókeypis***

***www.kopavogur.is***


# Ný erlend spennusagnaröð gerist hér

**Ný bókaröð breska metsöluhöfundarins Michaels Ridpath gerist hér á landi. Fyrsta bókin í bókaröðinni, sem nefnist Where the Shadows Lie, kemur út í júní á næsta ári hjá bókaútgáfunni Corvus í Bretlandi. Þegar hefur verið samið um útgáfu hér.**




**NÝJA BÓKIN** Íslensku lögreglunni berst liðsauki frá Bandaríkjunum í nýrri bókaröð breska rithöfundarins Michaels Ridpath sem hefur göngu sína í enskri útgáfu næsta sumar. MYND/CORVUS

„Ég kom til Íslands árið 1995 þegar ég var að kynna mína fyrstu bók Free to Trade [sem Vaka-Helgafell gaf út undir heitinu Myrkraverk] og fannst landið mjög heillandi. Frá þeim tíma gekk ég með þá hugmynd í maganum að gaman gæti verið að skrifa bók sem gerðist á Íslandi,“ segir Ridpath. Hugmyndin hafi svo öðlast nýtt líf fyrir um tveimur árum þegar hann ákvað að hverfa frá ritun spennusagna um fjármálaheiminn.

Ridpath hefur komið hingað þrisvar á þessum tveimur árum og kveðst æ hugfangnari af söguviðinu. „Og ég á eftir að koma miklu oftar, enda að mörgu að gæta þegar skrifunum vindur fram.“ Hann er þegar byrjaður á bók tvö og segir kaldhæðni örlaganna að brostið hafi á með efnahagshruni þegar hann ætlaði sér að láta af fjármálatengdum skrifum. „Hjá því varð ekki komist að láta hrunið koma við sögu. En snertiflöturinn er frekar við fórnarlömb fjármálakreppunnar en sjónarhól bankamanna.“

Michael Ridpath segir hugmyndinni um nýju bókaröðinni hafa verið afar vel tekið og þegar eru komnir tíu útgefendur, flestir í Evrópu, Ísland er þar á meðal, og einn í Brasilíu.



MICHAEL RIDPATH

Bjarni Þorsteinsson, útgáfustjóri Bjarts Veraldar, staðfestir að verið sé að leggja lokahönd á íslenska þýðingu bókarinnar. „Við stefndum á útgáfu nú fyrir jólin, en það hafðist ekki. Bókin kemur út á næsta ári, en ekki er búið að negla niður hvenær,“ segir hann.

Aðalsöguhetja bókanna er rannsóknarlögreglumaður í Boston í Bandaríkjunum sem er af íslenskum ættum. Hann heitir Magnus Jonson og er fæddur hér á landi en aldist upp vestra frá tólf ára aldri.

Hann hrekst hins vegar til Íslands eftir að hafa lent upp á kant við eiturlyfjahring í Boston. Þá hefur hann hug á að spreyta sig á óleystu morði á föður sínum.

Þá blandast í söguna dularfullt handrit sem fjölskylda ein á að hafa gætt í átta hundruð ár. Rithöfundurinn J.R.R. Tolkien á að hafa fengið að sjá skjalið árið 1930, en í því er greint frá hring sem í er falinn ægimáttur. Skjalið er því eftirsótt í sjálfu sér og tengist rannsókn á morði á prófessor í íslenskum bókmenntum. Svo er bara spurningin hvort hringurinn er til.

olikr@frettabladid.is

Vísindamenn hafa fundið óvænta fjölbreytni lífvera í djúpum Atlantshafsins:

# Þúsundir nýrra dýrategunda

Í djúpum Atlantshafsins er að finna fjöldann allan af áður óþekktum dýrategundum, sem sumar hverjar þykja harla undarlegar: gegnsæjar sjávargúrkur með þreifara, frumstæða risakolkrabba með átta arma og flaksandi ugga sem helst minna á eyru, og orma sem nærast á olíuforða í hafsbotni.

Bandarískir vísindamenn sendu á sunnudaginn frá sér skýrslu um rannsóknir á dýralífi í djúpum Atlantshafsins. Þar kemur fram að 17.650 tegundir hafa fundist á meira en 200 metra dýpi, þangað sem sólarljósið nær ekki.

Af þessum tegundum eru 5.600 sem ekki voru þekktar áður. Vonir standa til að þúsundir í viðbót finnist á næstu árum.

Einna mest kemur á óvart fjöldi þeirra dýra sem hafast við á meira en þúsund metra dýpi, þar sem talið var að dýralíf væri afar einhæft. Þar eru 5.722 nýjar tegundir skráðar í skýrsluna.

„Sums staðar eru hafdjúpin, sem við töldum vera einhæf, í reynd afar flókin,“ segir Robert S. Garney, einn vísindamannanna.



**ATLANTSHAFIÐ** Djúpt í fylgsnum sjávar leynist meira líf en vísindamenn hafði órað fyrir. NORDICPHOTOS/AFP

Meira en 2.000 vísindamenn frá 80 ríkjum vinna nú að því að skrá lífríki djúpsjávarins. Þegar því verki er lokið er ætlunin að gefa út þrjár bækur um niðurstöðurnar. - gb

Lögreglan á Akureyri:

# Náði innbrota- og ránsgengi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Akureyri hefur upplýst samtals 28 innbrots- og þjófnaðarmál sem hafa átt sér stað á Akureyri undanfarnar vikur. Játningar liggja fyrir.

Um var að ræða fjóra pilta á aldrinum sautján til nítján ára og fengu þeir aðstoð þess fimmta í nokkrum tilvikum. Auk fjölda innbrota stálu þeir bensíni af þremur vélsleðum og einum dekkjagangi undan bifreið; einnig fjórhjóli, ýmsum verkfærum, 400 lítrum af eldsneyti, sælgæti, talsverðu magni af ís, smámynt og ýmsum smáhlutum. Auk þessa unnu þeir talsverðar skemmdir. Þeir hafa komið við sögu lögreglu áður. **- jss**



**VÉLAR MARELS** Marel hyggst styrkja fjárhagsstöðuna með sex milljarða sölu hlutafjár.

# Marel gefur út nýtt hlutafé

Stjórn Marels ákvað í gær að auka hlutafé fyrirtækisins um fimmtán prósent og selja það fagfjárfestum fyrir 32 milljónir evra, jafnvirði sex milljarða króna. Útboðið hefst að morgni fimmtudags og lýkur klukkan fjögur á föstudag.

Tilgangurinn með útboðinu er að styrkja fjárhag fyrirtækisins, draga úr gengisáhættu og lækka kostnað, að því er segir í tilkynningu. Fjárfestum gefst kostur á að greiða ýmist fyrir hlutabréfin með reiðufé eða skuldabréfum Marels sem gefin voru út árið 2001.

Útboðið er með áskriftarfyrirkomulagi og verða hlutabréfin seld á bilinu 63 til 65 krónur á hlut. Gengi hlutabréfa Marels stóð í 68,2 krónum á hlut á föstudag en féll um átta prósent við upphaf viðskiptadagsins í gær. **- jab**



**ÞJÓNUSTAN KYNNT** Forsvarsmenn Símans kynntu starfsfólki fyrirtækisins þjónustuna og vörumerki þess í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Síminn kynnir nýtt vörumerki

Síminn hleypir á morgun af stokkunum nýrri farsímaþjónustu sem sérstaklega er sniðin að þörfum ungs fólks.

Þjónustan heitir Ring og gerir hún viðskiptavinum kleift að hringja ókeypis og senda öðrum viðskiptavinum Símans smáskilaboð. Mánaðargjaldið er 1.990 krónur. Innifalin í þjónustunni er 990 króna inneign í öll önnur farsímakerfi.

Þjónustan byggir á fyrirframgreiddum inneignum og fer öll áfylling fram rafrænt, ýmist í gegnum farsímann eða þjónustuvefsíðu Ring á www.ring.is. **- jab**




# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þekkja menn ekki gildandi aðalskipulag eða er þeim bara sama?

## Stefnuleysi og virðingarleysi

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Illa gengur að umgangast skipulag hér á landi með þeim hætti að það geti nýst eins og til er ætlast. Að skipulag sé rammi sem framkvæmdir eigi að rúmast innan og segi fyrir um það hvernig nýta skuli land nú og í framtíðinni.

Margir stjórnmálamenn og aðrir sem að framkvæmdum standa virðast ekki vera komnir út úr moldarkofunum þegar að skipulagsmálum kemur og leggja í fullri alvöru til framkvæmdir sem ganga algerlega á svig við ríkjandi skipulagi.

Fréttablaðið greindi frá dæmi um þetta í forsíðufrétt í gær. Þar er sagt frá umleitan samgönguyfirvalda við borgaryfirvöld um að reisa nýja flugstöð í Vatnsmýri. Já, þetta var ekki mislestur, flugstöð í Vatnsmýri þrátt fyrir að einungis séu fáein ár þar til flugvöllurinn á að hverfa að fullu úr mýrinni samkvæmt því aðalskipulagi sem nú er í gildi.

Flugvöllurinn í Vatnsmýri er á aðalskipulagi fram til ársins 2016. Þá er gert ráð fyrir að eftir standi ein flugbraut sem síðan hverfi af skipulaginu frá árinu 2024. Þangað til er hálfur annar áratugur. Þessi breyting á aðalskipulagi var vissulega umdeild en það breytir ekki því að skipulagið er í gildi.

Yfirvöld Reykjavíkurborgar efndu í framhaldi af breytingunni á aðalskipulaginu til umfangsmikillar samkeppni um skipulag Vatnsmýrar. Tækifærið er enda einstakt því það er fáheyrt að slíkt landflæmi finnist óbyggt í miðri borg. Niðurstöður samkeppninnar voru kynntar á fyrri hluta ársins sem leið. Tillagan sem verðlaunuð var er í samræmi við aðalskipulagið og þar er gert ráð fyrir bæði íbúðum og atvinnustarfsemi í mýrinni en engum flugvelli.

Um þessa tillögu ríkti mikil og þverpólitísk sátt í Reykjavík. Samt líst Júlíusi Vífli Ingvarssyni, formanni skipulagsráðs, ljómandi vel á hugmyndir samgönguyfirvalda um að reisa í Vatnsmýri nýja flugstöð sem fjármögnuð yrði af lífeyrissjóðunum.

Í frétt blaðsins í dag kemur fram að lífeyrissjóðirnir gefi sér þær forsendur að umferð um flugvöllinn og húsaleiga borgi upp framkvæmdina á tuttugu til þrjátíu árum Samt er eru ekki nema sjö ár þar til aðeins ein flugbraut á að vera eftir á núverandi Reykjavíkurflugvelli og fimmtán ár þar til flugvöllurinn á að vera horfinn með öllu úr mýrinni.

Annað hvort kunna þeir sem að þessum áætlunum standa ekki að reikna eða að þeir fara fram rétt eins og gildandi skipulag komi þeim ekki við vegna þess að þeir eru sjálfir hlynntir áframhaldandi veru flugvallarins í Vatnsmýri. Áhöld eru um hvort er verra.

Eftir standa margar spurningar og meðal annars þessar: Skiptir aðalskipulag engu máli eða á að breyta því til þess að flugstöðin geti risið? Geta samgönguyfirvöld farið fram gegn ríkjandi skipulagi vegna þess að sá sem á ráðherrastólnum situr er andvígur því? Á að stinga niðurstöðum samkeppninnar góðu sem allir voru svo lukkulegir með undir stól? Hver er eiginlega stefna Reykjavíkurborgar um framtíð Vatnsmýrar?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Flugvöllurinn enn og aftur

Enn og aftur er deilt um Reykjavíkurflugvöll. Nú hafa samgönguyfirvöld viðrað þá hugmynd að byggja 1.500 fermetra flugstöð í Vatnsmýrinni, í stað tíu þúsund fermetra samgöngumiðstöðvar. Júlíusi Vífli Ingvarssyni, formanni skipulagsráðs, líst ágætlega á þessa hugmynd. Það sama á ekki við um Dag B. Eggertsson, oddvita Samfylkingarinnar í Reykjavík. Hann sakar meirihlutann um „óþolandi stefnuleysi“ og segir hugmyndir hans um flugstöð í Vatnsmýri þvert á fyrri stefnu Sjálfstæðisflokksins.



### Hvað um Kristján?

Nú er auðvitað skiljanlegt að Dagur vilji nota tækifærið til að berja á andstæðingum sínum; það eru jú kosningar fram undan. En væru ekki hægari heimatökin fyrir varaformann Samfylkingarinnar að beina spjótum sínum að þeim sem átti frumkvæðið að flugstöðinni – Kristjáni Möller, samgönguráðherra og flokksbróður Dags?

### Sleppt og haldið

Á dögunum staðfesti Hæstiréttur dóm yfir Evu Hauksdóttur, norn með meiru, og þremur öðrum mótmælendum fyrir brot á allsherjarreglu í mótmælum við Hellisheiðarvirkjun. Fjórmenningunum var meðal annars gefið að sök að tefja umferð á veginum að virkjuninni. Jafnframt voru þau kærð fyrir að yfirgefa vettvang. Er það ekki dálítið eins og að kæra þau fyrir að annars vega tefja umferð og hins vegar fyrir að hætta því?



**bergsteinn@frettabladid.is**

# Vöndum valið



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Stjórnmál

Á tímum Reykjavíkurlistans valdi Ingibjörg Sólrún Gísladóttir þá leið að bjóða sig ekki fram í fyrsta sæti framboðslistans, heldur baráttusætið. Um var samið að hún yrði borgarstjóri ef listinn fengi meirihluta. Ingibjörg var kröftugur og kjarkmikill stjórnmálamaður, eins og allir vita, og talið víst að þessi tilhögun myndi auka sigurlíkur listans. Enda varð sú raunin. Hefði Reykjavíkurlistinn hins vegar orðið undir, hefði hún ekki þurft að verja tíma sínum sem borgarfulltrúi í minnihluta, frekar en hún vildi. Ef mig misminnir ekki voru framboðsmál flokkanna sem stóðu að Reykjavíkurlistanum með hefðbundnum hætti, en fyrir kosningarnar 2002 óskaði Ingibjörg Sólrún eftir að fá að velja sjálf einn frambjóðanda í öruggt sæti á listanum. Það var Dagur B. Eggertsson. Um hann virðist hafa verið góð sátt frá upphafi.

Hann er nú varaformaður Samfylkingarinnar og oddviti hennar í borgarstjórn. Óvíst er hins vegar hvort sjálfsagt hefði talist ef aðrar stjórnmálahreyfingar hefðu nýtt sér þessi afbrigði í lýðræðisglímunni.

Sjálfri fannst mér þessar leikreglur undarlegar og óviðeigandi á sínum tíma, en ég hef skipt um skoðun. Ástæða þess er fyrst og fremst sú, hvað ráðherrasætin í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu og dóms- og mannréttindaráðuneytinu eru vel mönnuð þessa dagana.

Ég sé ekki betur en að Ragna Árnadóttir og Gylfi Magnússon séu einstök happasending fyrir okkur öll.

**Einsleitni frambjóðenda**

Hvar í flokki sem menn standa, hljóta þeir að meta það mikils að geta borið virðingu fyrir kjörnum fulltrúum á Alþingi Íslendinga og í sveitarstjórnum. Stundum er það býsna snúið. Áhöld eru um hvort prófkjör, sem er hin viðurkennda lýðræðisleið til að velja frambjóðendur, sé endilega lýðræðisleg þegar til stykkisins kemur. Fjármál, góð sambönd og áhugi fjölmiðla á viðkomandi skipta oft meira máli en atgervi frambjóðandans.

Margir horfa ekki út fyrir sjónvarpsskjáinn þegar þeir eru spurðir álits, hvort sem það varðar stjórnmál eða almennt afþreyingarefni. Þegar birtar eru myndir af fólki sem samkvæmt skoðanakönnunum er áhugaverðast á einhverju sviði, eru þær undantekningarlaust af þekktu fólki. Enginn virðist til dæmis horfa í kringum sig á vinnustað eða í hverfinu sínu þegar hann er spurður um þá sem bera af, til dæmis í klæðaburði, gáfum eða listfengi. Hugmyndaflugið nær ekki út fyrir myndaramma fjölmiðlanna.

Mikið er rætt um jafnræði kynjanna í stjórnmálum, en minna um hættuna á einsleitni frambjóðenda, hvað varðar aldur, menntun og reynslu. Það eru hreint ekki allir sem sækjast eftir sæti í bæjarstjórn vegna áhuga á framgangi bæjarfélagsins og sama á við um landsmálin. Fyrir marga er þetta er fyrst og fremst spennandi starf sem býður upp á umtalsverð áhrif og athygli í samfélaginu. Hasarinn í kringum prófkjörin og daðrið við fjölmiðlana fælir hins vegar margt manndómsfólk frá því að sækjast eftir pólitískri ábyrgð. Spurning er hvort það sé ekki einhvers virði að ná því fólki að borðinu.

**Frelsi og heiðarleiki**

Sjálfsagt fellur það í grýttan jarðveg að leggja til að dregið verði úr prófkjörum, á sama tíma og kallað er eftir lýðræðislegri vinnubrögðum á öllum sviðum. En í ljósi reynslunnar finnst mér það umræðunnar virði að skoða hvort skynsamlegt væri að hafa til dæmis þá til ráðstöfunar fyrir stjórnir eða fulltrúaráð flokkanna, ef prófkjörin skila of einsleitum lista. Okkur veitir ekki af besta fólki sem völ er á í þessi störf.

Gengisfall frelsisins í vitund Íslendinga kom mér verulega á óvart þegar kynntar voru áherslur þjóðþingsins. Það er auðvitað rökrétt að heiðarleikinn sé efst á blaði miðað við aðstæður, en mér finnst merkilegt eigi að síður að eyþjóð sem aðeins hefur búið við lýðræði í sextíu og fimm ár skuli taka frelsið fyrir sjálfsagðan hlut, hvort heldur er persónulegt frelsi eða annað. Ég hafði orð á þessu við unga konu og hún sagði þetta ekkert flókið: „Þjóðin er eins og kona sem hefur verið svikin á svívirðilegan hátt af eiginmanni sem hún treysti. Líf hennar og allt sem hún hefur trúað á er í rúst. Henni líður illa og veit það eitt, að hana langar til að bindast góðum manni, sem er gæddur þeim eiginleika sem hún metur mest: Heiðarleika!“

# Styrkjum konur

**UMRÆÐAN**

Sigríður Erla Jónsdóttir skrifar um UNIFEM



SIGRÍÐUR ERLA JÓNSDÓTTIR

Landsnefnd UNIFEM á Íslandi hefur nú verið starfandi í 20 ár. En hvaða erindi skyldu nú íslenskar konur eiga við alþjóðleg samtök eins og Sameinuðu þjóðirnar og hví skyldum við gerast UNIFEM-systur?

Með þátttöku í starfi landsnefndarinnar hérlendis sér maður fljótt að UNIFEM á Íslandi er miklu meira en enn ein hjálparsamtökin. Þessi félagasamtök eru ein af 17 landsnefndum UNIFEM í heiminum, en þetta eru frjáls félagasamtök sem styðja við Kvennasjóð Sameinuðu þjóðanna, UNIFEM. Sá sjóður hefur margsinnis verið útnefndur best rekni þróunarsjóðurinn innan SÞ. Tilvera sjóðsins undir þessum útbreiddu og sýnilegu formerkjum gefur bágstöddum og réttindalitlum konum fyrst og fremst von. Þessi von má ekki slokkna og þess vegna þarf að fylkja liði um að koma til hjálpar og bæta stöðu þessara kvenna. Og það er gott að styrkja konu, því þá styrkjum við heila fjölskyldu.

Síðustu tvö ár hefur markvisst verið safnað hérlendis í Styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldi gegn konum og rann meginhluti þess fjár til stuðnings konum á stríðshrjáðum svæðum í Suður-Súdan, Kongó og Líberíu. Í Líberíu studdi söfnunarféð konur, sem urðu fyrir miklu ofbeldi og nauðgunum á meðan borgarastyrjöld stóð þar yfir í 14 ár. Í Kongó eflir framlagið framfylgni lagasetningar um kynferðisofbeldi en þar hefur ríkt alger lögleysa, ofbeldi og misnotkun. UNIFEM hefur líka sinnt því hlutverki sínu gegnum tíðina að vera málsvari kvenna í þróunarlöndunum og stuðla að viðhorfsbreytingu fólks bæði í þróunarlöndunum sjálfum sem og í þeim samfélögum sem geta komið til hjálpar.

Hér heima fer einnig fram gjöfult og upplýsandi starf og má þar m.a. nefna umræðufundi, undirskriftasöfnun fyrir átakið – Segjum nei við ofbeldi gegn konum – svo eitthvað sé nefnt. Hér söfnuðust 10.000 undirskriftir. Allir slíkir þræðir efla von og styrkja starf í þágu kynsystra okkar, sem hafa því miður hlotið það hlutskipti að líkamar þeirra eru vígvellir í stríðsátökum, skiptimynt í neðanjarðarviðskiptum og mansali og þær réttlausar með öllu. Sem betur fer er hér á landi stór hópur fólks, og ört stækkandi, sem lætur sig varða slíkt óréttlæti.

*Höfundur er M.Sc í alþjóðaviðskiptum frá CBS og stjórnarkona í UNIFEM á Íslandi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**STUÐNINGUR BARNS Í NÆRSAMFÉLAGINU** – það sem er barni fyrir bestu, er yfirskrift morgunverðarfundar sem haldinn verður miðvikudaginn 25. nóvember á Grand Hóteli í Reykjavík frá 8.15 til 10. Þar verður meðal annars fjallað um mikilvægi tengsla, hugleiðingu kennara um óskaskóla og hvernig unglingar vilja sjá skólaumhverfið. Fundurinn er öllum opinn meðan húsrúm leyfir.












„Þetta hefur þær afleiðingar að maður er alltaf heill heilsu og líður vel, laus við verki og stirðleika," segir Benedikta um áhrif bætiefna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Laus við stirðleika og verki

**Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi segist aldrei hafa liðið betur og þakkar það inntöku bætiefna. Verkir og stirðleiki gufuðu upp eins og dögg fyrir sólu og þreyta er tilfinning sem hún kannast ekki lengur við.**

„Mér hefur í raun aldrei liðið betur á ævinni. Ég er að allan daginn án þess að þreytast og líður eins og ég sé 25 ára. Að minnsta kosti að innanverðu," segir Benedikta Jónsdóttir hlæjandi, um kosti bætiefna ýmiss konar sem hún hefur tekið samviskusamlega síðustu tólf ár.

Ekki er ofsögum sagt að Benedikta neyti bætiefna í miklum mæli, eða í öll mál. „Ég byrja hvern dag á því að drekka sítrónusafa sem gerir líkamann basískan gagnstætt því sem margir telja, en það er mikilvægt til að halda sjúkdómum í skefjum. Svo fæ ég mér B12-vítamínblöndu og hollan morgunmat, sem samanstendur af lífrænni grískri jógúrt frá Biobú, ávöxtum og örlitlu af agavesírópi. Af þessu er ég oft södd til klukkan tvö á daginn en þá tek ég inn grænt duft, Ph Ion Green, og nokkur vítamín, Omega 3, 6 og 9 fitusýrur og Q10, sem heldur frumunum ungum."

Blaðamaður getur þá ekki stillt sig um að spyrja hvort enginn alvöru matur sé eiginlega á matseðlinum. Benedikta skellir upp úr. „Jú, auðvitað. Á kvöldin fæ ég mér yfirleitt alveg fullt af grænmeti, grænmetisbuff – bollur og fleira góðgæti í þeim dúr." Ekkert kjöt? „Jú, svona einu sinni til tvisvar í mánuði og þá af dýrum sem leita sjálf uppi sína fæðu. Kallaðu það sérvisku en ég neyti ekki kjöts af dýrum sem fá mat í búrum, heldur eingöngu af villtum dýrum og lambakjöts." En sælgæti? „Þá bara heilsunammi, til dæmis dökkt lífrænt súkkulaði á kvöldin."

Benedikta segist alltaf hafa verið umhugað um heilsuna. Svo sé hún fædd og uppalin í sveit og hafi því verið í miklum tengslum við náttúruna. „Þar að auki bjó ég um tíma í Svíþjóð og Ástralíu og á þeim tíma var þar miklu meiri áhersla lögð á heilbrigðan lífsmáta en hér þekktist." Hún segir þó mikla vitundarvakningu í þessum efnum hafa átt sér stað hér síðustu ár.

„Ekki síst eftir að Maður lifandi var opnaður," segir Benedikta og brosir, en þar hefur hún allt frá upphafi haldið heilsunámskeið af ýmsum toga. „Í kvöld verðum við Trausti Eysteinsson lífsstílsráðgjafi til að mynda með námskeið þar sem meðal annars er komið inn á hvernig halda á sýrustigi líkamans basísku. Svo verður farið yfir mikilvægustu bætiefnin og jurtahormónin, nokkrar góðar æfingar og fleira. Ég hvet alla sem vilja endurskoða sinn lífsstíl að kíkja í heimsókn."

*roald@frettabladid.is*





Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið





**FRÆÐADAGAR HEILSUGÆSLUNNAR** verða haldnir fimmtudag og föstudag 26. og 27. nóvember á Grand Hótel Reykjavík. Dagskráin er fjölbreytt og snertir einkum forvarnarsvið fjölskyldunnar, svo sem mæðravernd, ung- og smábarnavernd og heilsuvernd skólabarna. www.heilsugaeslan.is



Starf bænda hefur breyst mjög í gegnum tíðina. Menn vinna verkin einir á vélar og stéttin er ein sú fátækasta á landinu. Þrátt fyrir það er andleg heilsa bænda betri en annarra stétta samfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bændur andlega hraustari en almennt gerist

**Andleg heilsa bænda virðist betri en annarra stétta samfélagsins, þeir neyta minna áfengis í heildina og leita síður hjálpar vegna geðheilsu sinnar. Þetta kemur fram í nýlega birtum rannsóknarniðurstöðum.**

„Þessi rannsókn kemur okkur á óvart vegna hinna félagslegu breytinga sem hafa orðið hjá bændum á síðustu áratugum; menn eru einir að vinna verkin og stéttin er ein sú fátækasta í landinu. Samhliða því hefur umræðan í samfélaginu oft verið neikvæð gagnvart íslenskum landbúnaði,“ segir Kristinn Tómasson, yfirlæknir Vinnueftirlitsins og annar tveggja höfunda greinar í nóvemberhefti Læknablaðsins um geðheilsu og líðan íslenskra bænda. Þar er fjallað um þversniðsrannsókn meðal allra fjár- og kúabænda á Íslandi árið 2002 og samanburð við almennt úrtak.

Algengi geðsjúkdóma meðal bænda var sautján prósent en meðal almennings 22 prósent. Samkvæmt spurningalistum áttu ellefu prósent karlkyns bænda við áfengisvanda að etja, samanborið við sextán prósent annarra karla, og karlkyns bændur sóttu síður hjálp en kynbræður þeirra vegna kvíða og áfengis- og vímuefnanotkunar.



„Vinnuumhverfi bænda er krefjandi og lýjandi en þeir virðast þola það ótrúlega vel,“ segir Kristinn Tómasson, sérfræðingur í geð- og embættislækningum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bændur virðast þó neyta áfengis oftar við vinnu sína en aðrir og einkum komu konur í bændastétt illa út úr samanburðinum við kynsystur sínar því 18,7 prósent þeirra sögðust hafa haft áfengi um hönd í vinnunni en aðeins fjögur prósent annarra kvenna. Spurður út í þessar niðurstöður telur Kristinn þær koma til af því að bændafólk fái aldrei frí eins og flestir aðrir. „Þeir nota síður áfengi en almenningur en af því að starf þeirra og heimilislíf er svo samtengt reynast þeir oftar hafa áfengi um hönd í vinnunni en almennt gerist,“ útskýrir hann.

Þó að minna sé um geðræn vandamál meðal karlkyns bænda en annarra karla voru merki um kvíða og spennu síðustu tólf mánuði fyrir könnun marktækt meiri meðal þeirra. „Þó að mikið annríki sé hjá bændum virðast þeir þola það betur en aðrar stéttir. Það er eitt að vera með einkenni og annað að verða veikur af þeim. Áhyggjuefni er að það virðist aðeins þyngra undir fæti hjá bændum að leita sér hjálpar ef þeir veikjast,“ segir Kristinn og heldur áfram: „Það sem er athyglisvert við þessa heilsufarskönnun er að heilsa bænda, heilt yfir, er til muna skárri en viðmiðunarstétta, sem undirstrikar það sem áður hefur verið haldið fram að hollt sé að hafa ákveðið frjálsræði í starfi, ásamt því að vera í snertingu við náttúruna með beinum hætti.“ *gun@frettabladid.is*


Matargerð með ástúð og virðingu
Krúska er matstofa og verslun.
Í Krúsku er lögð áhersla á holla og vandaða matargerð.
Úrval af ferskum, framandi réttum og lífrænum vörum.
*Verið velkomin!*
KRÚSKA
VIÐ ELDUM FYRIR ÞIG
KRÚSKA • Suðurlandsbraut 12 • 108 Reykjavík • Sími: 557-5880 • www.kruska.is



MAXIWELL II NUDDARINN
- LÍTILL OG ÞÆGILEGUR
- HÆGT AÐ NOTA Á ALLAN LÍKAMANN
- LOSAR UM VÖÐVABÓLGU OG HARÐSPERRUR
- ENDURNÆRIR HÁLS, AXLIR, BAK OG FÆTUR
- STERKUR OG ENDINGARGÓÐUR
- TVEGGJA ÁRA VERKSMIÐJUÁBYRGÐ

WWW.LOGY.IS



LOGY EHF - BERJARIMA 6 - 112 REYKJAVÍK - SÍMI. 661 2580

Gríms fiskibollur
hollur kostur á 5 mín.




Hugsaðu um heilsuna
maður lifandi

Skemmtileg og auðveld leið að heilbrigðum lífsstíl



Þriðjudaginn
24. nóvember
kl. 17:30–19:30
í Borgartúni 24

Fyrirlesarar:
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi og
Trausti Eysteinsson lífsstílsráðgjafi



Frábær heilsa er einfalt náttúrulögmál.

**Fjallað verður um:**
- Hvernig þú heldur sýrustigi líkamans basisku, kemur sogæðakerfið í gang og hreinsar blóðið.
- Mikilvægustu bætiefnin og jurtahormóna sem halda þér hraustum og heilbrigðum.
- Hvers vegna þú þarft að taka ábyrgð á eigin heilsu og virkja lækningarmátt líkamans.
- Skynsamar æfingar og hreyfing sem skipta þig miklu máli.
- Það sem þú græðir á að vita um sólina, vatnið, súrefnið, svefninn, hláturinn og andlega vellíðan.

Verð: 2.000 kr.
Skráning: í síma 699-6416
benediktaj@hotmail.com
eða gg@madurlifandi.is
www.this.is/benna

NJÓTUM LANDSINS GÆÐA




Íslensk hollusta framleiðir hágæða hollustuvörur úr gnægtarbrunni íslenskrar náttúru. Hollustuvörurnar fást í heilsubúðum.
íslensk hollusta
–frá náttúrunnar hendi!
www.islenskhollusta.is



Fallega jólaskeiðin frá Ernu
Verð: 14.900.-
ERNA
sími 552 0775

## Ýmislegt

**Jólahreingerningar!**
Tek að mér hreingerningar á fyrirtækjum og heimilum fyrir jólin. Vönduð vinnubrögð. Uppl. á email hrannarjons@simnet.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is 1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.Room for rent 1-2 person,.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

ROOM FOR RENTw/FURNITURE IN 108 NEAR KRINGLA AND 111 AND 109 BREIÐHOLT 8973611

Til leigu frá 1. des nk. 4 herb. íbúð í bökkunum. S. 690 0665 & 893 3596.

**Akranes**
Til leigu ný 3 herb. íbúð með sérinngangi. Langtímaleiga, íbúðin er laus nú þegar. Uppl. í s. 587 1188 milli 8 - 16.

Rúmott herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími. 863 6687

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Til skammtímaleigu, eða lengur (105), herbergi fyrir 1 og 2. Sími 6622993.

Good room, with balcony for rent in Hafnarfj. Wc/shower, kitchen, washing room and internet included. S. 8236465

100fm íbúð til leigu í Seljahverfi, 109 Rvk. Laus fljótlega, langtímaleiga. Dýrahald ekki leyft. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 899 8195.

4 herb. íbúð til leigu í Þórufelli. S. 772 1223 & 772 7507.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Glæsileg ný 3ja. herb. íbúð á fyrstu hæð með sérinngangi í Árakri 5, á Arnarneshæð með öllum húsbúnaði til leigu í lengri eða skemmri tíma fyrir reglusamt fólk. Laus strax. Uppl. í s. 694 6670

43fm stúdíóíbúð, sér-inngangur. 65þús. á mán. Uppl. í s 615 6019

## Húsnæði óskast

32 ára kona óskar eftir 2-3ja herbergja íbúð á höfuðborgasvæðinu, reglusöm og skilvís. Er með kisu. s. 691 3909

Einstæður faðir með 2 unga drengi óskar eftir 3 til 4 herbergja íbúð á svæði 112 113 Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið uppl í síma 8483537 (Árni)

**Einbýli/Penthouse**
Óska eftir einbýli eða penthouse í Kóp/Gbæ/Hfj til leigu í amk 1 ár. Aðeins mjög vönduð eign kemur til greina, 250 fm+. 200-350þ. á mán. halldor74@hotmail.com

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofa -vinnustofa-verkstæði-verslun Til leigu í snyrtilegu húsnæði í Hafnarfirði: 20m2, 40m2 og 100m2 rými. Aðg. að snyrtingum og kaffistofu. Sími 898 7820.

ATH 70m2 nýlegt Iðnaðarbil í Garðabæ til leigu 85þ mán stór hurð, malbik 8927858

BREIÐHELLA HF. Til leigu eða sölu 134 fm iðnaðarbil. Hurð 4x4m. Skoða að taka bíl uppí. Uppl. S 822-5588.

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Nýr valkostur
skráðu þig í
**atvinnuleit.is**
það virkar!
**Atvinnurekendur auglýsa frítt!**

**Geysir - Bistró bar Aðalstræti 2 Aukavinna í sal**
**Erum að leita af rösku fólki til starfa með okkur, ekki yngra enn 20 ára.**
**Upplýsingar veitir Helga í s. 517 4300**

The Purple Rabbit
Djarfar og skemmtilegar konur sem vilja skemmta sér í góðra vina hóp og hagnast á útliti sínu og kynþokka í leiðinni finna allskonar tekjumöguleika á kanínuvefnum. Kynntu mér málið. PurpleRabbit.is.

Starfskraftur óskast til afgr starfa í sérverslun til áramóta. Vinnutími frá 12 til 18. Sendið upplýsingar á jbhonest@mi.is.

**ICE-ehf óskar eftir vél-virkja**
Helst einhvern sem hefur almennt reynslu af vélum, rafmagni,seglum,rafölum,mótorum og langar að gera nýja og spennandi hluti. (Góð laun í boði fyrir réttan aðila) S:662-6941

HJÚKRUNARFRÆÐINGAR óskast til vinnu í NOREGI.Sendið ferilskrá til thulekraft@gmail.com Óskum einnig eftir LYFJAFRÆÐINGUM OG APÓTEKURUM. Thulekraft ehf atvinnumiðlun sími:6628877

Við leitum eftir hörkuduglegum, íslenskumælandi starfsmanni í mötuneyti, viðkomandi þarf að vera vanur þjónustustörfum, létt, snyrtileg jákvæð með bílpróf & yfir 25 ára. Um er að ræða vaktir frá 11 til 19, á skemmtilegum vinnustað. uppl. said@visir.is

Tandoori veitingahús í Skeifunni óskar eftir vönu starfsfólki í eldhús. Unnið er á vöktum. Uppl. gefur Kristín í s. 822 8830 milli kl. 10-18 virka daga.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

**Hjúkrunarfræðingar ! Samráðsfundur með hjúkrunarfræðingum á Grand Hótel Reykjavík.**
**Í kvöld þriðjudaginn 24. nóvember kl. 20.00 Formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga Elsa B. Friðfinnsdóttir og Cecilie Björgvinsdóttir sviðstjóri kjara- og réttindasviðs félagsins boða til samráðsfundar með hjúkrunarfræðingum á Grand Hótel Reykjavík vegna þess mikla niðurskurðar sem framundan er í heilbrigðiskerfinu. Hjúkrunarfræðingar eru hvattir til að fjölmenna á fundinn.**

**Milljón!!**
Viltu vinna þér inn milljón fyrir jólin. Lager til sölu, gott atvinnutækifæri fyrir söluglaðan einstakling. S. 898 8690.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)



**Ný upptaka**
Hún tók sjálfa sig upp í ljúfum leik í baði í - og hlustaðu eftir blæbrigðum raddarinnar þegar nær dregur, þau eru svo ákaflega djúp og innileg. Þú heyrir upptökuna hjá Sögum Rauða Torgsins, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort) uppt.nr. 8570.

**Símadömur 908 1616**
**Hringdu og daðraðu við okkur. Njóttu þess að tala og hafa gaman að.Við erum alltaf við. Vodafone/Tal908 1616**

**Fjörugar símadömur**
Nú er stuð á dömunum á Rauða Torginu! Undanfarið hafa um 10 yndislegar dömur verið að leika sér og það hefur ekki verið spjallað svona mikið síðan löngu fyrir hrun! Hver verður vinkona þín í kvöld? En á morgun? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort).

## Fasteignir

EIGNAMIÐLUN Reykjavík
Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali
Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins
Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

**Skrifstofuhúsnæði óskast**
**– æskileg stærð 2000 fm**

Traust fyrirtæki óskar eftir 2000 fm skrifstofuhúsnæði í Reykjavík (Reykjavíkursvæðinu) til leigu eða kaups. Góð aðkoma og góð bílastæði æskileg. Heil húseign kæmi vel til greina. Staðgreiðsla eða bankatrygging.

**Allar nánari uppl. veitir Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali.**

**2ja-3ja herb. íbúð í 101**
**með sjávarútsýni óskast – staðgreiðsla**

Traustur kaupandi óskar eftir 2ja-3ja herb. íbúð með góðu sjávarútsýni í 101.Staðgreiðsla í boði.

**Allar nánari uppl. veitir Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali.**

EIGNAMIÐLUN Reykjavík
Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali
Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins
Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

**Hlíðarvegur 46**
**- Kópavogi**




Um er að ræða einbýlishús á góðum stað í Suðurhlíðum Kópavogs. Húsið þarfnast mikilla endurbóta. Stór lóð. Í húsinu eru 5 svefnherbergi í aðalíbúðinni ásamt stofu, eldhúsi og tveimur baðherbergjum. Aukaíbúð í kjallara er mep sérinngangi og skiptistí eldhús, baðherbergi og svefnherbergi. V. 28,9 m. 5180 **OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 16:00 - 17:00**

**vísir.is**
“...ég sá það á vísi”





# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er með **143%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðill.




Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Atli H. Elíasson**

Sléttuvegi 23, áður Hvassaleiti 11,

andaðist 16. nóvember s.l. í Landakotsspítala. Útförin fer fram frá Grensáskirkju fimmtudaginn 26. nóvember kl. 13.00.

**Ragnhildur Bergþórsdóttir**
**Bjarghildur Atladóttir** **Bragi Guðlaugsson**
**Bergþór Atlason**
**Margrét Atladóttir** **Bjarni Ásgeir Jónsson**
**Ragna G. Atladóttir**
**Valdís Atladóttir** **Lárus Sigurðsson**
**Jónína K. Ingadóttir** **Ari Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim er sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför hjartkærrar móður minnar, systur, ömmu okkar og langömmu,*

**Jóhönnu Hinriksdóttur**

Aflagranda 40.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Droplaugarstaða fyrir hlýja og góða umönnun.

**Guðríður Sigurðardóttir**
**Sigríður Hinriksdóttir**
**Jóhanna Árnadóttir**
**Sigurður Árnason** **Brynhildur Tinna Birgisdóttir**
**Þórdís Elín Sigurðardóttir**

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Halldóra Guðmundsdóttir**

frá Borgarhöfn í Suðursveit, til heimilis að Langholtsvegi 177, Reykjavík,

lést aðfaranótt 19. nóvember. Hún verður jarðsungin frá Langholtskirkju í Reykjavík mánudaginn 30. nóvember kl. 13.

**Jón Guðni Arason**
**Guðmundur Jóhann Arason**
**Aðalgeir Arason** **Margrét Þorbjörg Þorsteinsdóttir**
**Einar Sigurbergur Arason**
**Ari Jónsson, Adam Jónsson, Vala Sigríður Guðmundsdóttir, Ari Hlynur Guðmundsson, Rögnvaldur Guðmundsson, Pétur Ólafur Aðalgeirsson, Ari Hálfdán Aðalgeirsson, Þorsteinn Hjalti Aðalgeirsson og fjölskyldur.**




Erfidrykkjur af alúð

Hótel Saga annast erfidrykkjur af virðingu og hlýju.
Fágað umhverfi, góðar veitingar og styrk þjónusta.

Sími: 525 9930
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

Radisson SAS
SAGA HOTEL, REYKJAVIK


**PAT MORITA LÉST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 2005.**

*„Þegar ég byrjaði í bransanum voru fjögurra stafa orð bönnuð.“*

***Noriyuki „Pat“ Morita (1932-2005) var bandarískur leikari og grínisti af japönskum ættum. Hann hlaut heimsfrægð fyrir túlkun sína á karatekennaranum Miyagi í Karate Kid-myndunum og var meðal annars tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir besta leik í aukahlutverki árið 1984.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 24. NÓVEMBER 1963

## *Oswald myrtur*



Á þessum degi árið 1963 var Lee Harvey Oswald skotinn til bana af Jack Ruby í Dallas í Texas. Tveimur dögum fyrr hafði Oswald verið handtekinn fyrir morðið á John F. Kennedy, 35. forseta Bandaríkjanna. Morðið á Oswald var hið fyrsta í sögunni sem sýnt var í beinni sjónvarpsútsendingu.

Lee Harvey Oswald fæddist í New Orleans árið 1939 og gekk til liðs við bandaríska herinn. Tvítugur að aldri fór hann til Sovétríkjanna, giftist þarlendri konu og gerði árangurslausa tilraun til að fá sovéskan ríkisborgararétt. Hann sneri aftur til Bandaríkjanna nokkrum árum síðar og árið 1963 sýndi hann hershöfðingja í bandaríska hernum banatilræði.

Jack Ruby skaut Oswald þegar verið var að flytja hann í fangelsi. Ruby var dæmdur til dauða en lést úr lungnakrabbameini árið 1967 á meðan hann beið þess að dómstóll tæki mál hans fyrir á ný.

**ÞÓR TULINIUS:** LEIKSTÝRÐI EINLEIK Í SVÍÞJÓÐ OG Í SPLIINNG Í IÐNÓ

# Hlaut góða dóma fyrir sænska útgáfu af Manntafli

Þór Tulinius, leikari og leikstjóri, er nýlega kominn heim frá Svíþjóð en þar leikstýrði hann sænskri útgáfu af einleiknum Manntafli. „Ég gerði sjálfur leikgerð upp úr smásögunni Manntafli eftir Stefan Zweig fyrir nokkrum árum og lék einleikinn í Borgarleikhúsinu í kringum árið 2005,“ útskýrir Þór sem varð heldur hissa á hve hróður einleiksins barst víða. „Á þessum tíma hringdi í mig sænsk leikkona að nafni Suzanne Reuter og vildi fá sent handritið. Ég átti það til á ensku og sendi henni,“ segir hann en síðan leið tíminn og loks komst skriður á sænsku uppfærsluna í ár. „Stykkið var sýnt hjá Riksteatret í Svíþjóð sem er eldgömul stofnun og var stofnuð til að þjóna fólkinu úti á landi því það var talið nauðsynlegt að leikrit væru sýnd víðar en í Stokkhólmi,“ útskýrir Þór sem var fenginn til að leikstýra verkinu en aðalhlutverkið lék Johann Ulveson sem er þjóðþekktur sænskur leikari.

„Farið var með Manntafl í leikferðalag um Svíþjóð en það var frumsýnt í Kristianstad 30. september og í Stokkhólmi í lok október,“ segir hann og bætir við að sýningin hafi fengið mikla umfjöllun og mjög góða dóma. Sérstaklega hafi leikurinn þótt afbragð enda Ulveson dáður í heimalandinu.

Enn er verið að sýna Manntafl í Svíþjóð en Þór hefur hins vegar snúið sér að öðrum verkefnum í bili. Hann leikstýrir nú sýningunni Spliinng sem verið er að sýna í Iðnó. „Þetta er bráðskemmtileg sýning með söngvum, leiknum atriðum og fræðslu sem er tileinkuð Íslendingum og kreppunni,“ segir Þór en hann og Guðmundur Ólafsson leikari fóru á stúfana í vor, meðal annars niður í Vinnumálastofnun til að viða að sér efni. „Þetta er lesin og leikin dagskrá þar sem fjallað er, bæði af gamni og alvöru, um atvinnumissi og önnur viðkvæm málefni. Dagskráin er samsett úr ljóðum, textabrotum úr bókmenntum, söngvum, frásögnum úr nútímanum, leiknum atriðum og fróðleiksmolum.

Fjórir leikarar, ásamt píanóleikara koma að sýningunni sem sýnd er í Iðnó sunnudaginn 29. nóvember og 10. desember.

**solveig@frettabladid.is**



**VIÐ IÐNÓ** Þór Tulinius leikur í uppfærslu á Spliinng í Iðnó þar sem nokkurs konar svar við ástandinu í Þjóðfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Pétursson**

hæstaréttarlögmaður, Hagamel 44, Reykjavík,

lést föstudaginn 20. nóvember 2009.

**Sigríður Níelsdóttir**
**Pétur Guðmundarson** **Erla Jóhannsdóttir**
**Níels Guðmundsson** **Jónanna Björnsdóttir**
**Snorri Guðmundsson** **Bolette Steen Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður og afa,*

**Oddgeirs Þorleifssonar**

Sporðagrunn 11, Reykjavík.

**Halldóra L. Sveinsdóttir**
**Elín Oddgeirsdóttir**
**Sesselja Oddgeirsdóttir**
**Oddgeir Eiríksson**

†



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýju vegna andláts ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðbjörns N. Jenssonar**

Fannafold 183, Reykjavík.

Einnig færum við þakkir til starfsfólks Landspítalans deild 11 E og Hjúkrunarþjónustu Karitasar.

**Guðrún R. Pálsdóttir og fjölskylda.**

†



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við fráfall og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Arndísar Ágústsdóttur**

frá Valhöll á Bíldudal.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Skjóli, fyrir einstaka umönnun síðustu þrjú árin.

**Gústaf Jónsson** **Erla Árnadóttir**
**Jakobína Jónsdóttir** **Sigurþór L. Sigurðsson**
**Kolbrún D. Jónsdóttir** **Kristófer Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




FÉLAG KVIKMYNDAGERÐARMANNA

**Félag kvikmyndagerðarmanna auglýsir eftir umsóknum til úthlutunar úr höfundasjóði félagsins fyrir kvikmyndir sem frumsýndar voru í sjónvarpi eða kvikmyndahúsum, gefnar út á DVD, eða birtar með öðrum hætti fyrsta sinn á árinu 2008.**

Rétt til úthlutunar skv. samþykktum FK eiga:
- **Kvikmyndastjórar** (ekki leiknar myndir)
- **Kvikmyndatökumenn**
- **Klipparar**
- **Hljóðhöfundar**
- **Ljósahönnuðir**

Þessi úthlutun tekur eingöngu til þeirra kvikmyndaverka sem sýnd voru eða gefin út árið 2008.

Umsóknareyðublað er að finna á vef félagsins www.filmmakers.is

**Umsóknir skulu berast Félagi kvikmyndagerðamanna, pósthólf 1652, 121 Reykjavík.**

**Umsóknarfrestur er til 15. desember 2009.**
Ekki verður tekið tillit til umsókna sem berast eftir þann tíma.





BAKÞANKAR
**Páls Baldvins Baldvinssonar**

# Forvarnarvinna íþróttafélaga



Í ljósi þess að yngsti maðurinn á heimilinu er genginn knattspyrnutrúnni á hönd og hugsar ekki um annað en fótbolta, æfir sig með blöðru í stofunni og með bolta þar sem pláss gefst, þá er eðlilegt að maður hafi nokkrar áhyggjur af Knattspyrnusamsambandinu. Er þetta sá félagsskapur sem maður vill að sjö ára peyi tengist sterkum böndum? Nú hefur ekki vantað útskýringar og afsakanir KSÍ fyrir leikjum fulltrúa þess í útlöndum, afsakanirnar eru nú svona og svona. Í hinu stóra samhengi getur hver sem vill kynnt sér svörtu hliðarnar á íþróttahreyfingunni sem nær hátindi í spillingardíkinu Ólympíuleikunum. Umhverfis íþróttafélög er alltaf spilling.

**ALLA** vega hef ég stórar áhyggjur af bænastundum í kapellu Valsara þegar ég lít þau gríðarstóru landsvæði undir Öskjuhlíðinni sem þeim tókst með einhverjum ráðum að fá hjá Reykjavíkurborg. Hvaða borgarfulltrúum ætli þeir biðji mest fyrir þar? Hvaða borgarfulltrúa báðu þeir mest til svo þeir fengju allt þetta land sem er afkróað af hörðustu umferðaræðum borgarinnar og enginn kemst á til æfinga nema hann sé á bíl eða kunni að fljúga. Ég hugsa bara til fornfjenda þeirra KR-inga sem eru afluktir á alla vegu af byggð og eru nú teknir að dreifa sparkvöllum sínum víðar svo endurnýjun haldist í hönd við laun og skuldir.

**Í HVAÐA** faðmi er barnið að lenda? Nú er hann hættur að leita sér að barnaefni í sjónvarpi eða öðru sem vekur áhuga hans og skellir sér bara beint á einhverja leikjarásina, en ekkert svið mannlegrar athafnasemi virðist vera skannað jafn ítarlega af íslenskum sjónvarpsstöðvum og evrópskur fótbolti atvinnumanna. Sem nóta bene eru heimsfrægir fyrir að kaupa sér hvað sem hugur þeirra girnist og eru ekki í vandræðum með milljónir í smá súluspaug.

**ÁHUGINN** er reyndar yndislegur og fölskvalaus, getan eykst stöðugt og framförin er augljós, en í hvaða kompaní er hann að fara?

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes



**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Bókmenntir★★

**Papa Jazz**

Lífshlaup Guðmundar Steingrímssonar

**Skrásetjari:** Árni Matthíasson




## Hafsjór fróðleiks

Þeir sem á annað borð hafa áhuga á sögu djass á Íslandi finna eitthvað fyrir sinn snúð í þessari bók. Í bókinni er lífshlaup Guðmundar Steingrímssonar – Papa Jazz – rakið og hefur hún að geyma hafsjó fróðleiks um djassinn. Saga hinna ýmsu sveita er rakin og Guðmundur kom við sögu þeirra flestra. Það er kannski helsti galli bókarinnar, hún verður á köflum fullmikil upptalning. Þeir Guðmundur og Árni eiga heiður skilinn fyrir að draga þann fróðleik saman, þó að fyrir vikið flæði textinn illa áfram. Líf Guðmundar hefur verið viðburðaríkt, hann var í fremstu senu djassins hér á landi áratugum saman, á milli þess sem hann vann fulla vinnu og var fjölskyldumaður. Guðmundi hefur verið reistur verðugur bautasteinn með þessari bók og því hefði mátt vanda betur til verksins; hafa textann lipurri og umbrot og kápu fagmannlegri.

**Kolbeinn Óttar Proppe**

**Niðurstaða:** Fróðlegu lífshlaupi Papa Jazz gerð ágæt skil.

# Fyrirlestur um Ásu



INGA DÓRA BJÖRNSDÓTTIR

Opinn hádegisfyrirlestur verður á morgun í stofu 102 á Háskólatorgi í tilefni af útkomu ævisögu Ásu Guðmundsdóttur Wright. Mun höfundur bókarinnar, Inga Dóra Björnsdóttir mannfræðingur, segja frá frumkvöðlastarfi Ásu á sviði náttúruverndar og vísinda: Árið 1967 var fyrsta náttúrufriðland í Karíbahafinu opnað á eyjunni Trínidad, rétt undan norðaustur-strönd Venesúela. Einn aðalhvatamaður að stofnun þess og eigandi landsins var íslensk kona, Ása Guðmundsdóttir Wright og ber svæðið nafn hennar, Asa Wright Nature Center. Í dag er friðlandið þjóðarstolt Trínidadbúa og dregur að fjölda gesta, enda er Asa Wright Nature Center einstök náttúruperla með fjölbreyttu lífríki.

Í erindi sínu mun Inga Dóra segja stuttlega frá ævintýralegu lífi Ásu og fjalla um aðdragandann að stofnun friðlandsins. Hún mun segja frá því hvernig land Ásu varð eftirsóttur dvalarstaður bandarískra og breskra náttúruvísindamanna, sem sóttust ekki aðeins eftir að stunda þar rannsóknir, heldur líka eftir félagsskap Ásu. Fyrirlesturinn er haldinn í samstarfi Stofnunar Sæmundar fróða og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands.


Castello PIZZERIA

Í tilefni tveggja ára afmælis erum við að bjóða

40% afslátt af sóttum pizzum

Tilboðið gildir til 26. nóv.



Ekta eldbakaðar pizzur eins og þær eiga að vera



Alltaf ferskasta hráefnið sem völ er á

Sími: 577-3333
Dalvegur 2, 201 Kóp.
Dalshrauni 13, Hafnarfjörður

www.castello.is



ÖGRANDI SKRIF

Hvíta bókin eftir Einar Má Guðmundsson hefur vakið sterk viðbrögð bæði hér heima og erlendis. Eftirtektarvert rit frá framúrskarandi höfundi sem kryfur ástand samfélagsins og hvetur þjóðina til betri verka.




❤❤❤❤❤
„Einar Már er vægðarlaus í lýsingum sínum á útrásarvíkingunum og stjórnmálamönnum sem sviku þjóðina – og sem nú reynast leika aðalhlutverkin í nútímaútgáfu af Nýju fötum keisarans ... Einar Már Guðmundsson hefur skrifað frábærar greinar um kreppu kapítalismans. Bara að danskir rithöfundar gerðu eins.“
Poul Aarøe Pedersen / Politiken

★★★★
„Einar Már skrifar um það sem svo margir eru að hugsa um á máli sem allir geta skilið.“
Ingi Freyr Vilhjálmsson / DV

★★★★
„Einar Már Guðmundsson tekur fjármálakreppuna og ástæður hennar öruggu kverkataki.“
Jakob Levinsen / Jyllands-Posten

★★★★★
„Fimm stjörnur! Hann fer á kostum í þessari bók, Einar Már er frábær.“
Árni Snævarr fjölmiðlamaður / Silfur Egils

★★★★
„Þetta hrífur mann með, og það verður áreiðanlega hlustað þegar mesti núlifandi höfundur Íslands tekur til máls.“
Martin Krogh Andersen / Berlingske Tidende



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 7 og 10(Power) | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 8 og 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN | kl. 6 - Ísl. tal | L |
| JÓHANNES | kl. 6, 8 og 10 | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 500
GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | 7 |
| CHRISTMAS CAROL Ensku. Tali | kl. 8(3D) - 10:10(3D) Ótextuð | 7 |
| CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| PANDORUM | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| HORSEMEN | kl. 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| MORE THAN A GAME | kl. 5:50 | 7 |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | 7 |
| CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) - 8(3D) - 10:10(3D) Ótextuð | 7 |
| PANDORUM | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MY LIFE IN RUINS | kl. 5:50 - 8 | L |
| LAW ABIDING CITIZEN sýnd á morgun | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 6 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 - 10 | 7 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| HORSEMEN | kl. 10 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| LOVE HAPPENS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| 2012 | kl. 4.45 - 8 - 10.30 | 10 |
| 2012 LÚXUS | kl. 4.45 - 8 | 10 |
| DESEMBER | kl. 4 - 6 - 8 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI | kl. 3.40 | L |
| JÓHANNES | kl. 3.45 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| A SERIOUS MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| 2012 | kl. 5.45 - 9 | 10 |
| DESEMBER | kl. 6 - 8 | 10 |
| JÓHANNES | kl. 6 - 10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 8 - 10.40 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 6 - 9 | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 8 - 10 | 16 |
| JÓHANNES | kl. 6 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| LOVE HAPPENS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| 2012 | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| ZOMBIELAND | kl. 6 8 - 10 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |




**VERÐLAUNAHÓPUR** Hér má sjá hópinn saman kominn eftir verðlaunaafhendinguna á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Unga fólkið í aðalhlutverki

**Grunnskólanemendur sýndu færni sína með myndavélarnar í keppni sem 66° Norður stóð fyrir. Menntamálaráðherra taldi sig sjá kvikmyndagerðarfólk framtíðarinnar í keppninni.**

Myndbandakeppni á vegum fataframleiðandans 66° Norður hefur staðið yfir í grunnskólum landsins undanfarnar vikur. Alls tóku sjötíu grunnskólar á landinu þátt í keppninni en hugmyndin kemur upphaflega frá kvikmyndagerðarmanninum Sigurjóni Sighvatssyni. Þema keppninnar í ár var íslenskur iðnaður og fór verðlaunaafhendingin fram síðastliðinn laugardag. Háteigsskóli sigraði í yngri aldurshópnum en Austurbæjarskóli bar sigur úr býtum í eldri flokknum.

Menntamálaráðherrann Katrín Jakobsdóttir sat í dómnefnd ásamt Júlíusi Kemp leikstjóra, Sigurjóni Sighvatssyni og Böðvari Bjarka Péturssyni, skólastjóra Kvikmyndaskóla Íslands.

Katrín sagði að vafalítið væru í þessum hópi einhverjir kvikmyndagerðarmenn framtíðarinnar. „Mér fannst þetta mjög skemmtilegt og þá aðallega fannst mér gaman að sjá hvað börnin voru dugleg. Við í dómnefndinni fengum að sjá mjög fjölbreytt úrval myndbanda og þau virtust flest hafa náð mjög góðum tökum á grunntækni kvikmyndagerðar.“

- sm

## Sigur Rósar-kvöld í París

Sérstakt Sigur Rósar-kvöld verður haldið í kvikmyndahúsinu Elysées Biarritz í París næsta laugardag. Þar verða sýndar heimildarmyndirnar Heima og Hlemmur, sem hafa báðar að geyma tónlist Sigur Rósar, ásamt stuttmynd Rúnars Rúnarssonar, Síðasti bærinn, með tónlist hljómborðsleikarans Kjartans Sveinssonar. Einnig verða tónlistarmyndbönd sveitarinnar verða sýnd. Fulltrúar Sigur Rósar á kvikmyndakvöldinu verða trommarinn Orri Páll Dýrason, Dean de Blois, leikstjóri Heima, og Jon Best, umboðsmaður Sigur Rósar.



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós verður í sviðsljósinu í París næstkomandi laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Þúsund gestir á jólaballi

**Jólaball fatlaðra verður haldið í 27. sinn á Hilton-hótelinu miðvikudaginn 9. desember. Meðal þeirra sem koma fram eru Magni, Mugison, Ingó Veðurguð, Sigga Beinteins, Skítamórall og Raggi Bjarna. Eins og undanfarin ár verða kynnar sjónvarpskonan Edda Andrésdóttir og þingmaðurinn Sigmundur Ernir Rúnarsson.**

**Skemmtunin stendur yfir frá klukkan 19.30 til 22 og er aðgangseyrir enginn. „Ég á von á þúsund manns núna. Þarna er verið að gleðja fatlaða og aðstandendur þeirra og ég legg mikla áherslu á að aðstandendurnir mæti,“ segir skipuleggjandinn André Bachmann.**




# Flúði úr óbyggðum



Kynbomban Katie Price hefur ákveðið að yfirgefa þáttinn I'm a Celebrity, Get Me Out of Here þar sem henni þótti áhorfendur leggja hana í einelti. Price var valin af áhorfendum í sjöunda sinn til að taka þátt í þrautum sem fela í sér ýmsar furðulegar áskoranir. Í síðustu viku neyddist Price til að borða skordýr og í þessari viku átti hún að dvelja í helli fullum af snákum. Price var nóg boðið og sagðist hætt í þættinum. „Ég get ekki meira. Miðað við hvernig áhorfendur hafa komið fram við mig þá mætti halda að ég væri mest hataða kona Bretlands. Þetta er hætt að vera fyndið,“ sagði fyrirsætan.

Framleiðendur þáttarins reyndu sitt besta til að fá kynbombuna til að dvelja áfram í óbyggðunum en hún tók það ekki í mál. „Við reyndum að telja henni hughvarf en hún var harðákveðin í að hætta,“ var haft eftir einum framleiðenda þáttarins.

Tónlist ★★★★

**We Lost the Race**

Ourlives

## Nýtt og betra líf




Ourlives var stofnuð í Reykjavík fyrir fimm árum en hefur ekki gefið út stóra plötu fyrr en núna. Sveitin átti í vandræðum með að finna rétta taktinn en eftir að hún komst í kynni við Barða Jóhannsson small allt saman. Fingraför hans sem upptökustjóra leyna sér heldur ekki á plötunni því afslappaði og fallegi hljómurinn sem hann er þekktur fyrir sem tónlistarmaður er í aðalhlutverki. Sums staðar væri meira segja auðvelt að ruglast á prýðissveitinni Bang Gang og Ourlives ef maður vissi ekki betur. Dæmi um þetta má heyra í Núna, Honestly og No Need.

Annars er platan uppfull af lágstemmdu og fáguðu poppi eins og það gerist hvað best. Mest grípandi lag plötunnar er Out of Place þar sem seiðandi sellóleikurinn fær að njóta sín, rétt eins og í upphafslaginu Anything Can Happen Now. Önnur lög standa einnig vel fyrir sínu, þar á meðal hið vel uppbyggða If the Time Is Right sem heitir reyndar fyrir mistök Nothing Changes á bakhlið plötunnar. Það eru aftur á móti smámunir því lítið sem ekkert er hægt að setja út á tónlistina sjálfa.

We Lost the Race er plata með flottan heildarsvip og ljóst er að Ourlives hefur öðlast nýtt líf eftir heldur mögur upphafsár. Hljómsveitin er loksins komin upp á yfirborðið og verður athyglisvert að fylgjast með henni í framtíðinni.

Freyr Bjarnason

**Niðurstaða:** Lágstemmt og fágað popp sem hittir rækilega í mark. Ein besta poppplata ársins.



**ÓVINSÆL** Khloe Kardashian er ekki í náðinni hjá eiginkonum leikmanna LA Lakers.

# Ekki vinsæl

**Samkvæmt nýjustu heimildum semur Khloe Kardashian ekki sérstaklega vel við aðrar eiginkonur leikmanna LA Lakers, en Khloe giftist nýlega körfuboltamanninum Lamar Odom sem spilar með liðinu.**

**Khloe mætti á leik Lakers-liðsins nýlega með móður sinni og heimtaði sæti í fremstu röð en var þess í stað vísað í stúku þar sem aðrar eiginkonur leikmannanna sitja yfirleitt. Þetta vakti nokkra ólukku meðal hinna eiginkvennanna, sem sátu og pískruðu sín á milli.**



**SAMAN Á NÝ** Jennifer Aniston er sögð hafa átt í símasambandi við fyrrverandi eiginmann sinn, Brad Pitt.

# Jennifer bíður eftir Brad

**Samkvæmt tímaritinu In Touch mun Jennifer Aniston bíða þolinmóð eftir því að fyrrverandi eiginmaður hennar, Brad Pitt, skilji við Angelinu Jolie og taki aftur saman við sig. Á meðan Aniston dvaldi í Mexíkó átti hún í einhverjum símasamskiptum við Pitt og samkvæmt heimildarmanni voru þau nokkuð innileg. „Eftir að hafa drukkið nokkur vínglös dró Jennifer sig í hlé og sendi Brad nokkur smáskilaboð sem voru innileg og daðursleg,“ var haft eftir heimildarmanni sem heldur því einnig fram að Pitt og Aniston hafi spjallað lengi um Norman, hundinn sem þau áttu saman en varð eftir hjá Aniston þegar þau skildu.**




Daman:
Tamaris
Black Line
Jessi
Red herring
Esprit
Inniskór

Börnin:
Viking
Kangaroos
Red herring
Blue Zoo
Esprit
Inniskór

Herrar:
Lindbergh
Inniskór

Allir skór
20%
afsláttur

Gildir þriðjudag til sunnudags

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

## > Björgólfur í Austurríki

Björgólfur Takefusa er nú staddur í Austurríki þar sem hann er til reynslu hjá B-deildarliðinu Austria Lustenau. Til greina kemur að lána hann frá KR til félagsins en þá aðeins til vorsins – áður en keppni hefst í Pepsi-deild karla. Lustenau er í toppbaráttunni í B-deildinni sem fer í vetrarfrí eftir næstu helgi og hefst ekki aftur fyrr en í febrúar. Björgólfur var markahæsti leikmaður Pepsi-deildar karla í sumar með sextán mörk og hefur verið viðloðandi íslenska landsliðið í haust.



**sport**
sport@frettabladid.is

**BJÖRN INGI FRIÐÞJÓFSSON:** NÝTTI TÆKIFÆRIÐ VEL MEÐ FHK ELITE Í DÖNSKU ÚRVALSDEILDINNI

# *Frábært að fá að spila í þessari sterku deild*



Markvörðurinn Björn Ingi Friðþjófsson nýtti tækifærið vel sem hann fékk með FHK Elite í dönsku úrvalsdeildinni í síðustu viku. Þá mætti liðið Team Tvis Holstebro og þó svo að Björn Ingi og félagar hafi tapað leiknum þótti hann standa sig með afburðum vel og fékk mikið hrós fyrir í dönskum fjölmiðlum.

„Ég hef fengið að koma nokkrum sinnum inn á í haust og verið að standa mig nokkuð vel. Hinn markvörðurinn í liðinu hefur bara verið það góður að það var fyrst í þessum leik að ég fékk að byrja,“ segir Björn Ingi og segir samstarfið við hinn markvörðinn hafa gengið vel.

„Við myndum mjög gott markvarðapar og enda hefur markvarslan verið mjög góð í öllum okkar leikjum til þessa.“

FHK Elite er reyndar í ellefta sæti deildarinnar með aðeins fjögur stig en Björn Ingi segir liðið ungt. „Við erum með yngsta liðið í deildinni og meðalaldurinn er undir 23 árum. Þar að auki fóru níu leikmenn frá félaginu í sumar og átta nýir komu inn í þeirra stað. Þetta hefur því verið mikið púsluspil hjá þjálfaranum.“

Hann segir liðið ekki hafa verið að spila illa, þvert á móti. „Við höfum verið að tapa mörgum leikjum með litlum mun. Til að mynda töpuðum við fyrir meisturunum í Kolding með aðeins eins marks mun.“

FHK Elite mætir Mors-Thy á heimavelli í kvöld og stefnir að sínum fyrsta sigri á heimavelli. „Mors-Thy er búið að ná góðum úrslitum og er spútniklið deildarinnar. Það vann til að mynda GOG og gerði jafntefli við FCK. Við eigum samt að geta unnið þetta lið eins og öll önnur í deildinni og stefnum hiklaust að sigri.“

Björn Ingi var áður á mála hjá HK en hann gerði tveggja ára samning við FHK Elite. „Ég má þó rifta samningnum í lok tímabilsins ef ég kýs að gera það. Ég get ekki neitað því að það kitlar mikið að koma heim, klára námið mitt þar og spila í íslensku deildinni. En ég er samt afar ánægður hér og það er frábært að fá að vera markvörður og spila í þessari sterku deild. Það er algjör draumur.“

# Lifir Evrópuvon Liverpool af kvöldið?

**Liverpool þarf að vinna í Ungverjalandi og treysta á hjálp franska liðsins Lyon á móti Fiorentina í Flórens. Evrópumeistarar Barcelona eru einnig í hættu á að detta úr keppni tapi þeir fyrir Inter.**

**FÓTBOLTI** Meistaradeildin heldur áfram í kvöld og flestir munu fylgjast náið með afdrifum Liverpool og Barcelona sem eru ekki í neitt allt of góðum málum. Staðan er þó mun verri hjá Liverpool, sem þarf líka að treysta á góða hjálp frá franska liðinu Lyon.

Liverpool er í mikilli hættu á að detta út úr Meistaradeildinni í kvöld verði úrslit kvöldsins félaginu ekki hagstæð. Liverpool sækir Debrecen heim til Ungverjalands og þarf að vinna auk þess sem Fiorentina má ekki vinna Lyon á sama tíma á heimavelli sínum í Flórens. Lyon hefur þegar tryggt sér sæti í sextán liða úrslitum. Verði úrslit kvöldsins Liverpool-mönnum hagstæð fá þeir að launum úrslitaleik á móti Fiorentina í síðustu umferð.

„Það er góður andi í liðinu þrátt fyrir að við séum ekki í góðri stöðu. Við höfum trú á okkur og vitum að við getum enn komist áfram. Síðustu vikur hafa reynt á þolinmæðina og ég get ekki beðið eftir að fara að spila og hjálpa okkur til að komast aftur á sigurbraut,“ sagði Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool. Fernando Torres og Ryan Babel fóru ekki með til Ungverjalands en Steven Gerrard og Jamie Carragher fóru með.

Margir fylgjast örugglega spenntir með leik Barcelona og Inter á Camp Nou í kvöld en það snýst ekki bara um endurkomu Samuels Eto'o og fyrsta leik hans á sínum gamla heimavelli heldur er þetta algjör úrslitaleikur fyrir bæði lið. „Við erum að mæta Evrópumeisturunum og liðinu sem allir vilja sjá halda áfram í keppninni en við óttumst ekkert,“ sagði Jose Mourinho, þjálfari Inter, sem segir pressuna vera á báðum liðum. „Þetta er úrslitaleikur milli tveggja af bestu liðum Evrópu,“ sagði Sergio Busquets, leikmaður Barcelona.

Inter getur tryggt sér sæti í sextán liða úrslitum með sigri og vinni Rubin Kazan Dynamo Kiev á sama tíma eru Evrópumeistarar Barcelona úr leik. Það verður enginn Zlatan Ibrahimovic í liði Barca og þá er óvíst hvort Lionel Messi verður klár. „Ég hef engar áhyggjur af því hvort Messi verði með eða ekki því það skiptir engu fyrir okkur,“ sagði Mourinho.

ooj@frettabladid.is

**LEIKIR KVÖLDSINS**

**E-riðill:** Debrecen-Liverpool
Fiorentina-Lyon
**Stigin:** Lyon* 10, Fiorentina 9, Liverpool 4, Debrecen 0.

**F-riðill:** Rubin Kazan-Dynamo Kiev
Barcelona-Internazionale
**Stigin:** Internazionale 6, Rubin Kazan 5, Barcelona 5, Dynamo 4.

**G-riðill:** Rangers-Stuttgart
Unirea Urziceni-Sevilla
**Stigin:** Sevilla* 10, Unirea Urziceni 5, Stuttgart 3, Rangers 2.

**H-riðill:** AZ Alkmaar-Olympiakos
Arsenal-Standard Liège
**Stigin:** Arsenal 10, Olympiakos 6, Standard Liège 4, AZ 2.

***Komin áfram**



**ERFITT KVÖLD** Rafael Benitez, stjóri Liverpool. MYND/AFP








**FRÁBÆR HELGI** Jakob Jóhann Sveinsson var í frábæru formi á ÍM í 25 metra laug um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lokahóf Sundsambandsins fór fram um helgina:

# Jakob og Ragnheiður sundfólk ársins

**SUND** Jakob Jóhann Sveinsson úr Ægi og Ragnheiður Ragnarsdóttir úr KR fengu stærstu verðlaunin á lokahófi Sundsambandsins sem var haldið í lok Íslandsmeistaramótsins í 25 metra laug.

Jakob Jóhann var valinn sundmaður ársins fyrir mjög góðan árangur í bæði styttri og lengri laug. Hann fékk 936 stig fyrir 50 metra bringusund í löngu lauginni og 887 stig fyrir 100 metra bringusund í stuttu lauginni.

Ragnheiður var valin sundkona ársins en hún náði bestum árangri í 100 metra skriðsundi í löngu lauginni og 50 metra skriðsundi í styttri lauginni.

Jakob fékk fleiri verðlaun því hann vann besta afrekið á ÍM í 25 metra laug um helgina þegar hann synti 100 metra bringusund á 2:07,72 mínútum. Það gaf honum 933 FINA-stig.

Erla Dögg Haraldsdóttir úr ÍRB vann besta afrek kvenna á mótinu þegar hún fékk 887 FINA-stig fyrir 100 metra fjórsund.

Unglinga- og fullorðinsþjálfari ársins var valinn Jacky Pellerin hjá Sundfélaginu Ægi og félagi hans hjá Ægi, Ragnar Friðbjarnarson, var kosinn barna- og unglingaþjálfari ársins. - óój

Heiðar Helguson og Gylfi Þór Sigurðsson:

# Í liði helgarinnar



**FÓTBOLTI** Tveir íslenskir leikmenn voru valdir í lið vikunnar í ensku B-deildinni en valið var tilkynnt á heimasíðu deildarinnar í kvöld.

Þetta eru þeir Heiðar Helguson (sjá mynd) hjá Watford og Gylfi Þór Sigurðsson hjá Reading. Gylfi er á miðri miðjunni í liðinu en Heiðar er frammi ásamt Henri Camara hjá Sheffield United.

Gylfi átti mjög góðan leik með Reading þegar liðið vann 2-1 sigur á Blackpool en hann skoraði fyrra mark liðsins í leiknum.

Heiðar skoraði tvö fyrstu mörkin í 3-0 sigri Watford á Scunthorpe United. - óój

# Orðnir of miklir töffarar

**Það kom að því að Njarðvíkingar voru stöðvaðir í Iceland Express-deildinni. Þeir lentu á veggnum í Garðabæ þar sem Stjarnan vann eftir spennandi leik.**

**KÖRFUBOLTI** Stjarnan úr Garðabæ varð fyrsta liðið til þess að leggja Njarðvík að velli í Íslandsmótinu þetta tímabilið þegar liðin mættust í Ásgarði í gærkvöldi. Frábær varnarleikur Stjörnunnar í lokafjórðungnum ásamt framlagi Justins Shouse, leikstjórnanda Garðbæinga, tryggði liðinu afar góðan sigur, 82-75.

„Þetta var gríðarlega mikilvægt fyrir okkur eftir tvo tapleiki á undan. Að vinna eina taplausa liðið í deildinni gefur okkur auka kraft fyrir framhaldið," sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar. Liðið vann fyrstu fimm leiki sína í deildinni en hafði tapað tveimur í röð þegar kom að þessum.

Fyrirliðinn Fannar Helgason er Garðabæjarliðinu ómetanlegur og sterkt fyrir liðið að endurheimta hann af meiðslalistanum. Þótt hann sé bara í áttatíu prósent standi að eigin sögn er mikilvægt fyrir liðið að hafa hann innanborðs. „Hann var alveg magnaður í fyrri hálfleik og mér finnst orkan í honum smita út frá sér í aðra leikmenn," sagði Teitur. „Við eigum KR í næsta leik og nú förum við í þann leik með þá trú að við getum tekið þann leik."

Stjörnumenn höfðu sex stiga forystu eftir fyrsta leikhluta. Njarðvíkingar nörtuðu vel í hælana á þeim og náðu að jafna í öðrum leikhlutanum en staðan var 50-45 í hálfleik. Fannar fór hamförum með fjórum þriggja stiga körfum í fyrri hálfleiknum. Alls var hann með átján stig og ellefu fráköst fyrir hlé. Tröllatvenna hjá fyrirliðanum.

Njarðvík byrjaði af krafti eftir hlé og var með eins stigs forystu fyrir síðasta leikhlutann. Þar aftur á móti tóku heimamenn í Stjörnunni völdin og spiluðu frábæra vörn. Njarðvíkingar virtust ekki alveg geta tekist á við mótlætið og í stað þess að vinna sem heild fóru menn að spila sem einstaklingar.

Hinum megin var varnarleikur Njarðvíkinga á köflum ekkert mikið síðri en mörg mistök gestanna í sókninni urðu þeim endanlega að falli. Þegar mest á reyndi skilaði hinn magnaði Justin Shouse afar glæsilegum körfum fyrir Stjörnuna á gífurlega mikilvægum augnablikum. Það skipti þó sköpum að Stjarnan spilaði sem lið og skiluðu allir sterkustu póstar liðsins yfir tuttugu stigum hver. Hjá Njarðvík var Jóhann Árni Ólafsson með tuttugu og tvö stig en sárlega vantaði almennilegt framlag frá fleirum, sérstaklega þegar þurfti mest.

„Það er alltaf leiðinlegt að tapa en því miður gerðist það hér í dag. Liðið var að spila langt undir getu," sagði Jóhann eftir leik. „Mitt mat er að við vorum orðnir of miklir töffarar. Við erum Kanalausa liðið í deildinni og svona. Staðreyndin er sú að við þurfum að hafa fyrir hverjum einasta leik."

**elvargeir@365.is**



**MIKIL BARÁTTA** Stjörnumaðurinn Justin Shouse hefur náð í boltann á undan Njarðvíkingnum Jóhanni Árna Ólafssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## KARFAN Í GÆR

*Iceland Express karla*

Snæfell-Tindastóll 90-79 (32-43)
Stig Snæfells: Pálmi Freyr Sigurgeirsson 26, Jón Ólafur Jónsson 20, Hlynur Bæringsson 19 (16 fráköst, 5 stoðsendingar), Sean Burton 12 (10 stoðsendingar), Emil Jóhannsson 5, Sveinn Davíðsson 5, Páll Helgason 3.
Stig Tindfastóls: Svavar Birgisson 22, Arnani Daanish 19, Helgi Rafn Viggósson 18, Michael Giovacchini 10, Axel Kárason 5, Sveinbjörn Skúlason 5.

Stjarnan-Njarðvík 82-75 (50-45)
Stig Stjörnunnar: Fannar Freyr Helgason 21 (15 fráköst, 4 stoðsendingar), Justin Shouse 21 (11 fráköst), Jovan Zdravevski 20 (7 fráköst, 7 stoðsendingar), Magnús Helgason 10, Kjartan Kjartansson 3, Birkir Guðlaugsson 3, Ólafur Ingvason 3, Birgir Björn Pétursson 1.
Stig Njarðvíkur: Jóhann Árni Ólafsson 22, Magnús Þór Gunnarsson 12 (9 fráköst, 6 stoðsendingar), Friðrik Stefánsson 12 (14 fráköst), Guðmundur Jónsson 12, Páll Kristinsson 8, Rúnar Ingi Erlings son 6, Hjörtur Hrafn Einarsson 3.

Breiðablik-KR 85-113 (41-60)
Stig Breiðabliks: Ágúst Angantýsson 21, Jonathan Schmidt 15, Þorsteinn Gunnlaugss. 13 (10 frák.), Hjalti Friðriksson 13, Daníel Guðmundss. 11, Gylfi Geirsson 8, Rúnar Pálmason 2, Arnar Péturss. 2.
Stig KR: Brynjar Björnsson 25, Semaj Inge 24 (8 fráköst, 7 stoðsendingar), Darri Hilmarsson 17, Tommy Johnson 15, Fannar Ólafsson 12, Finnur Atli Magnússon 8, Steinar kaldal 7, Ólafur Már Ægisson 3, Skarphéðinn Ingason 2.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Njarðvík** | **8** | **7** | **1** | **672-585** | **14** |
| Keflavík | 8 | 7 | 1 | 722-588 | 14 |
| **KR** | **8** | **7** | **1** | **750-645** | **14** |
| Stjarnan | 8 | 6 | 2 | 699-637 | 12 |
| **Snæfell** | **8** | **6** | **2** | **727-596** | **12** |
| Grindavík | 8 | 4 | 4 | 697-646 | 8 |
| **ÍR** | **8** | **3** | **5** | **664-673** | **6** |
| Hamar | 8 | 3 | 5 | 661-682 | 6 |
| **Tindastóll** | **8** | **2** | **6** | **629-720** | **4** |
| Fjölnir | 8 | 2 | 6 | 605-715 | 4 |
| **Breiðablik** | **8** | **1** | **7** | **589-712** | **2** |
| FSu | 8 | 0 | 8 | 547-763 | 0 |

Kristján Guðmundsson verður næsti þjálfari færeysku meistaranna í HB:

# Eins og að þjálfa KR á Íslandi

**FÓTBOLTI** Kristján Guðmundsson, fyrrum þjálfari Keflavíkur, gerði í gær tveggja ára samning um að þjálfa færeysku meistarana í HB en hann lét af störfum hjá Keflavík í haust eftir að hafa stýrt liðinu í fimm tímabil.

Kristján tekur við af Sámal Erik Hentze sem gerði HB að meisturum í ár á sínu fyrsta ári sem þjálfari félagsins. Kristján hefur eins og kunnugt er þjálfað Símun Samuelsen hjá Keflavík undanfarin sumur.

„Ég er mjög sáttur við þetta og þetta opnar skynfærin," segir Kristján, sem segist vera kominn í nýtt og öðruvísi umhverfi. „Nú fer maður að æfa úti allan ársins kring eftir að hafa verið búinn að vera í höllunum heima," segir Kristján í léttum tón. En hvernig kom þetta til?

„Það er maður í Færeyjum sem ég hef verið í sambandi við síðan Símun Samuelsen kom til Keflavíkur. Hann er umboðsmaður og hringdi í mig þegar hann vissi að ég væri ekki lengur hjá Keflavík. Hann sagði mér að HB, sigursælasta liðið í Færeyjum, væri að leita að þjálfara og spurði hvort hann mætti ekki fá ferilskrána hjá mér og sýna þeim. Ég taldi ekkert því til fyrirstöðu og sendi þeim hana. Síðan fór þetta hægt og bítandi í gang," sagði Kristján en hann heyrði aftur frá forráðamönnum HB fyrir fimm vikum.

„Þetta er eins og að taka við KR á Íslandi því lágmarkskröfurnar eru að vinna titil," segir Kristján og hrósar HB fyrir flotta umgjörð.

„Þetta er mjög stöndugt félag og það er gríðarlega faglega staðið að öllu hjá þeim. Þeir eru að fara í forkeppni Meistaradeildarinnar í ár og það var ákveðin gulrót og hluti af því af hverju ég ákvað að skoða þetta dæmi," segir Kristján. HB hefur orðið færeyskur meistari tuttugu sinnum, þrisvar sinnum oftar en næsta félag, KÍ.

Kristján hefur hitt Sámal, sem er nú að hætta með HB-liðið. „Hann er frábær náungi og er búinn að vera að setja þetta upp mjög líkt því sem ég er búinn að vera að gera. Liðið er að spila fótbolta mjög líkt og ég vil að mín lið spili þannig að þetta er að ganga mjög vel upp," segir Kristján, sem segist þekkja eitthvað til færeyskrar knattspyrnu.

„Ég hef ekki séð neinn leik í færeysku deildinni hjá þeim en ég hef séð þessu færeysku lið sem hafa komið hingað að spila. Ég sá HB spila á móti FH 2007 og ég hef líka fylgst vel með landsliðinu og 21 árs liðinu. Við höfðum verið að skoða leikmenn frá Færeyjum til að koma til Keflavíkur þó að ekkert hafi síðan orðið úr því," segir Kristján, sem ætlar að styrkja liðið.

„Það er ekkert komið af stað en við erum að leita leikmönnum og þá fyrst og fremst varnarmönnum. Ég kem til með að skoða það hvort einhverjir séu tilbúnir að koma eða hvort einhverjir séu á lausu," sagði Kristján að lokum. **- óój**



**Á LEIÐ TIL FÆREYJA** Kristján Guðmundsson hefur þjálfað Keflavík undanfarin fimm sumur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**> Forest Whitaker**

„Ég get leikið mann sem er fyrirlitlegur en þá verð ég að ná tengslum við persónu hans og skilja af hverju hann er eins og hann er.“

***Whitaker fékk Óskarsverðlaunin fyrir hlutverk sitt sem forsetinn Idi Amin í kvikmyndinni The Last King of Scotland sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 22.10.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON ER HVORKI MISLINGAR NÉ SULLAVEIKI

# *Rambo er kvef, mælti Stallone*

Árið er 1989. Staðurinn er Hollywood. Hasarmyndahetjurnar Sylvester Stallone og Kurt Russell taka höndum saman og leika aðalhlutverkin í glæpastuðmyndinni Tango & Cash. Hinn þvoglumælti Stallone er Ray Tango. Fyrrverandi Elvis-leikarinn Russell er Gabriel Cash. Þeir eru fíkniefnalöggur í Los Angeles. Töffarar. Að öðru leyti eru þeir ólíkir og eiga ekki skap saman. Ray Tango gengur í Armani-jakkafötum og greiðir hárið aftur eins og verðbréfamiðlarar gerðu á þeim tíma. Gabriel Cash er hins vegar skítugur og úfinn og gengur í snjáðum gallabuxum og öðrum álíka leppum.

Margt gengur á í myndinni, misjafnlega eftirminnilegt. Tango og Cash neyðast til að taka höndum saman og berjast gegn eiturlyfjabarónum sem gremst hversu duglega félagarnir hafa tekið til í myrkustu kimum Englaborgarinnar. Allt fer vel að lokum. Hápunkti nær myndin hins vegar þegar Cash gremst vasklega framganga Tangos og spyr hvort hann þykist vera Rambo, sem vill einmitt svo skemmtilega til að var leikinn af Stallone.



Tango svarar að bragði: „Rambo's a pussy“, sem er þýtt: „Rambo er kvef.“ Margir hafa óbeit á prentvillupúkanum, og margt hefur hann sannarlega til saka unnið í gegnum tíðina, en þarna skapaði hann ódauðlegan frasa.

Nú er ansi langt síðan ég sá Tango & Cash, nálgast raunar tuttugu ár. Mér varð hins vegar hugsað til fyrrgreinds atriðis á laugardagskvöld þegar ég leit örskotsstund á skjáinn. Þar var RÚV að sýna myndina Síðasta böðulinn, um Englendinginn Albert Pierrepoint sem sinnti hengingum vítt og breitt í heimalandi sínu og hafði síðar umsjón með aftökum þýskra stríðsglæpamanna að síðari heimsstyrjöldinni lokinni. Þar var einum enskum tukthúslim lýst sem svo á frummálinu að hann væri „A gangland murderer“, sem sagt morðingi með undirheimatengsl. Í þýðingu varð það hins vegar af einhverjum ástæðum „Morðingi frá Gangland“, en það er víst krúttlegur smábær í nágrenni Sunderland. Góðar stundir.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **19.30 Debrecen – Liverpool, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00 According to Jim** SKJÁREINN



▶ **20.15 Læknamiðstöðin** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 The Big Bang Theory** STÖÐ 2



▶ **22.00 It's Always Sunny In Philadelphia** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Útsvar** (Akranes - Fjallabyggð)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Frumskógar Goggi** (8:26)
**17.52 Kóngulóarbörnin í Sólarlaut**
**18.15 Skellibær** (10:26)
**18.25 Fréttaaukinn** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Læknamiðstöðin** (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Aðalhlutverk: Kate Walsh, Taye Diggs, KaDee Strickland, Hector Elizondo, Tim Daly og Paul Adelstein.
**21.00 Tsjúkotka á hjara veraldar - Land Romans Abramovitsj** Ný íslensk mynd um líf og vonir fólks á Tsjúkotka-landsvæðinu við norðurheimskautbaug í Síberíu.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Njósnadeildin** (Spooks VII) (7:8) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Aðalhlutverk: Peter Firth, Richard Armitage og Hermione Norris.
**23.20 Dauðir rísa** (Waking the Dead V) (7:12) (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, afram!, Maularinn og Íkornastrákurinn.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 In Treatment** (21:43)
**10.55 Hell's Kitchen**
**11.45 Smallville** (7:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Miracle On 34th Street**
**14.35 Gavin and Stacey** (3:6)
**15.05 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Tutenstein, Ben 10, Maularinn og Áfram Diego, áfram!
**17.03 Bold and the Beautiful**
**17.28 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (21:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (1:24)
**19.50 Fangavaktin**
**20.30 Two and a Half Men** (15:24)
▶**21.00 The Big Bang Theory** (11:23) Gamanþáttur um Leonard og Sheldon eru afburðasnjallir eðlisfræðingar og en eiga í stökustu vandræðum með samskipti við annað fólk og þá sérstaklega af hinu kyninu.
**21.25 Chuck** (12:22) Chuck Bartowski er mættur í annað sinn hér í hörkuskemmtilegum og hröðum spennuþáttum.
**22.15 Burn Notice** (12:16) Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda. Hann reynir nú að komast að því hverjir „brenndu“ hann og af hverju.
**23.00 The Unit** (4:11) Þættir sem fjalla um störf leynilegrar úrvalsveitar bandaríska hersins.
**23.45 Medium** (12:19)
**00.30 Fauteuils d'orchestre**
**02.15 Miracle On 34th Street**
**03.50 Two and a Half Men** (15:24)
**04.15 The Big Bang Theory** (11:23)
**04.40 Chuck** (12:22)
**05.25 The Simpsons** (21:23)
**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.20 National Lampoon's Christmas Vacation**
**10.00 Picture Perfect**
**12.00 Mermaids**
**14.00 National Lampoon's Christmas Vacation**
**16.00 Picture Perfect**
**18.00 Mermaids**
**20.00 Across the Universe**
**22.10 The Last King of Scotland** Idi Amin, nýkjörinn forseti Úganda, hittir fyrir tilviljun Nicolas, ungan lækni frá Skotlandi, og ræður hann sem einkalækni sinn.
**00.10 Arven**
**02.05 This Girl's Life**
**04.00 The Last King of Scotland**
**06.00 Proof**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.05 World Series of Poker 2009**
**18.00 Bestu leikirnir ÍBV - Keflavík 21.09.97** Árið 1997 börðust Skagamenn og Eyjamenn um Íslandsmeistaratitilinn. Eyjamenn höfðu beðið í 18 ár eftir titlinum og fannst löngu kominn tími á að Íslandsmeistaratitilinn færi aftur til Vestmannaeyja.
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**19.00 Meistaradeild Evrópu: Upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
▶**19.30 Debrecen - Liverpool** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu. Sport 3. Barcelona - Inter Sport 4. Arsenal - Standard Liege
**21.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.
**22.20 Barcelona - Inter** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 19.40.
**00.10 Arsenal - Standard** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu en leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 19.40.
**02.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.10 Burnley - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**16.50 Liverpool - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**19.00 Bolton - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Stoke - Portsmouth** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**23.15 Sunderland - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Matarklúbburinn** (2:6) (e)
**08.00 Dynasty** (12:29) (e)
**08.50 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Matarklúbburinn** (2:6) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.45 90210** (8:22) (e)
**17.30 Dynasty** (13:29)
**18.20 Fyndnar fjölskyldumyndir** (e)
**18.50 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.
**19.00 King of Queens** (3:25) (e)
**19.25 Rules of Engagement** (11:15) (e)
**19.50 Fréttir** (e)
▶**20.00 According to Jim** (13:18)
**20.25 Innlit/ Útlit** (5:10) Ný, styttri og hraðari útgáfa af einum vinsælasta þætti SkjásEins frá upphafi. Nýr umsjónarmaður þáttarins er Katrín B. Fjeldsted innanhússarkitekt.
**20.55 Nýtt útlit** (8:10) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata.
**21.50 Nurse Jackie** (6:12) Gömul vinkona biður Jackie um stóran greiða og þegar mamma dr. Coopers er lögð inn á spítalann og uppljóstrar leyndarmálum læknisins.
**22.20 United States of Tara** (6:12) Tara fær foreldra sína í heimsókn en veit ekki að raunveruleg ástæða heimsóknarinnar er að þau vilja að börnin flytji til sín á meðan hún fæst við vandamál sín.
**22.50 The Jay Leno Show**
**23.40 CSI: New York** (11:25) (e)
**00.30 King of Queens** (3:25) (e)
**00.55 Nurse Jackie** (6:12) (e)
**01.25 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Tveggja manna tal við Þorsteinn Pálsson um störf Evrópunefndarinnar sem fram undan eru.
**21.00 Græðlingur** Guðríður Helgadóttir leiðbeinir fólki um haustverkin í garðyrkju.
**21.30 Tryggvi Þór á alþingi** Hagfræðingurinn og alþingismaðurinn ræðir um stjórnmál á Íslandi.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.25

### Churck

Chuck Bartowski er mættur í annað sinn í hörkuskemmtilegum og hröðum spennuþáttum. Chuck lifði frekar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Innlit / útlit**

**SkjárEinn kl. 20.25**

Í þætti kvöldsins verður meðal annars skoðað áhugavert gamalt hús í kvosinni þar sem allt er í stíl sjöunda áratugarins. Rætt verður við frímerkjahönnuð og litið á húsgagnasýningu hjá Tækniskólanum. Hrafnhildur Bernharðsdóttir myndlistarmaður sýnir áhugaverðar hálsfestar sem hún býr til og skoðað verður það allra nýjasta í Farmers Market-fatalínunni. Katrín Fjeldsted innanhússarkitekt hefur umsjón með þættinum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Söngvarar blárrar sveiflu
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Flakk
**14.03** Breiðstræti
**15.03** Útvarpssagan: Kyrr kjör
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.20** Tríó
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**23.05** Sumar raddir
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** | XA-Radíó | **FM 96,3** | FM Suðurland | **FM 90,1** | Rás 2 |
| **FM 90,9** | Gullbylgjan | **FM 96,7** | Létt Bylgjan | **FM 102,2** | Útvarp Latibær |
| **FM 91,9** | Kaninn | **FM 97,7** | X-ið | **FM 102,9** | Lindin |
| **FM 93,5** | Rás 1 | **FM 98,9** | Bylgjan | **FM 105,5** | Útvarp Boðun |
| **FM 95,7** | FM957 | **FM 99,4** | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (5:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (6:25)
**17.30 Ally McBeal** (7:23) Fyrrverandi starfsmaður kærir Elaine fyrir kynferðislega áreitni og hommi vinnur stefnumót við Fish á góðgerðarsamkomu.
**18.15 Seinfeld** (23:24)
**18.45 Doctors** (5:25)
**19.15 Doctors** (6:25)
**19.45 Ally McBeal** (7:23)
**20.30 Seinfeld** (23:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 It's Always Sunny In Philadelphia** (6:15) Gamanþættir um fjóra vini sem reka saman bar en eru of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að til árekstra komi.
**22.25 Glee** (4:22) Gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari ákveður að setja saman sönghóp skólans en sambærilegur hópur gerði stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.
**23.10 So You Think You Can Dance** (11:25) Sjötta þáttaröðin í stórskemmtilegri þáttaröð þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna.
**23.55 So You Think You Can Dance** (12:25)
**01.20 Fangavaktin**
**02.05 Sjáðu**
**02.35 Fréttir Stöðvar 2**
**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.10** Absolutely Fabulous **12.40** After You've Gone **13.10** My Hero **13.40** Monarch of the Glen **14.30** The Weakest Link **15.15** Strictly Come Dancing **16.45** After You've Gone **17.15** My Hero **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** After You've Gone **19.30** Saxondale **20.00** New Tricks **21.00** Ashes to Ashes **21.50** After You've Gone **22.20** Saxondale **22.50** This Is Dom Joly **23.20** New Tricks

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Nær naturen **12.45** Forsvundne danskere **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserode panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Pinky Dinky Doo **16.30** Lille Nord **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Hammerslag **19.30** Danmarks Indsamling - Hjælpen er nået frem **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Tordenhjerte **22.55** Truslen fra dybet **23.35** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Viten om **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Kokkekamp **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Frosken og venene **17.05** Molly Monster **17.10** Oisteins blyant **17.20** Tegneby **17.25** Milly og Molly **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Ja, vi elsker **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Slanger i paradis **21.20** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lewis **23.50** Klimatrussel på fire hjul

## SVT 1

**12.30** I regnskuggans land **13.25** Människors rike **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Mitt i naturen **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Sommarpratarna **20.00** Andra Avenyn **20.45** Paradise now **22.15** Kulturnyheterna **22.30** Morden **23.30** Ett fall för Louise



## MORGUNMATURINN



*„Ég hef tilhneigingu til að hjóla beint í kaffivélina. Fyrsti bollinn er alltaf bestur. Svo hef ég verið misdugleg við að borða snemma dags en ávextir virka vel. Einstaka sinnum fæ ég mér alvöru amerískan morgunverð.“*

Ragnhildur Magnúsdóttir fjölmiðlakona.

# Hafdís Huld flytur til Íslands

„Ég var orðin leið á að vera með heimþrá,“ segir söngkonan Hafdís Huld sem flytur til landsins eftir tvær vikur. Hafdís hefur verið búsett í Bretlandi undanfarin sjö ár, en hún og Alisdair Wright, sambýlismaður hennar, hafa fundið sér hús í Mosfellsdalnum og eru nú í óðaönn að pakka niður.

„Ég er búin að vera með þessa hugmynd í maganum í þrjú ár en þegar maður er búinn að búa úti svona lengi er aldrei rétti tíminn til að flytja heim. Umboðs- og plötufyrirtækjum finnst alltaf hentugra að hafa mann í næstu götu, en ég tók bara ákvörðun að nú væri rétti tíminn og það er ekki nema tveggja og hálfs tíma flug til London,“ útskýrir Hafdís. „Við Alisdair höfum verið að leita eftir húsi rétt fyrir utan borgina þar sem hægt er að setja upp stúdíó. Við fundum rétta húsið inni í Mosfellsdal og verðum næstu árin að gera það upp. Þetta er alveg draumastaður og ég sé Esjuna þaðan,“ segir hún.

Aðspurð segir hún það mikið verk að pakka niður og plana flutningana, en Hafdís gaf nýverið út plötuna Synchronised Swimmers og hefur því í mörgu að snúast. „Planið er að senda gámana heim til Íslands daginn áður en við förum í órafmagnað tónleikaferðalag um Sviss og Þýskaland, fara svo heim og þá verða gámarnir komnir. Þá hef ég viku til að mála stofuna, hengja upp jólaskraut og fá ensku tengdafjölskylduna í heimsókn yfir jólin. Mér ætti því ekki að leiðast, ég verð bara í málningargallanum með jólalögin í botni,“ segir hún og hlær. - ag



**Í ÓÐAÖNN AÐ PAKKA** Hafdís Huld og Alisdair Wright, sambýlismaður hennar, hafa fundið sér hús í Mosfellsdalnum og flytja til landsins eftir tvær vikur.



**LÁRÉTT**
**2.** pest, **6.** frá, **8.** fiskur, **9.** vætla, **11.** lést, **12.** sjávarspendýr, **14.** bátur, **16.** bardagi, **17.** eyrir, **18.** almætti, **20.** átt, **21.** ögn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** korn, **3.** voði, **4.** erfið þraut, **5.** skordýr, 7. viðriðinn, **10.** keyra, **13.** impra, **15.** slabb, **16.** siða, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** kvef, **6.** af, **8.** áll, **9.** íla, **11.** dó, **12.** sækýr, **14.** kajak, **16.** at, **17.** aur, **18.** guð, **20.** na, **21.** arða.
**LÓÐRÉTT: 1.** maís, **3.** vá, **4.** eldraun, **5.** fló, **7.** flæktur, **10.** aka, **13.** ýja, **15.** krap, **16.** aga, **19.** óð.






SIGURJÓN SIGHVATSSON: SCREEN DAILY SPÁIR BROTHERS MIKILLI VELGENGNI

# Stjörnurnar sáu Bræður Sigurjóns í New York

„Undirtektirnar voru sannast sagt ótrúlegar og í rauninni bjóst ég ekki við þeim svona sterkum,“ segir Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi. Forsýning var á kvikmynd hans, Brothers, á sunnudagskvöldið í SVA Theater í New York að viðstöddum aðalleikurum myndarinnar, þeim Natalie Portman og Tobey Maguire, og leikstjóranum Jim Sheridan. Fjöldi nafntogaðra gesta lagði leið sína í kvikmyndahúsið og nægir þar að nefna The Edge, gítarleikara U2, en sveitin á einmitt titillag myndarinnar. Þá var Ang Lee einnig meðal gesta sem og gamli Karate Kid-leikarinn Ralph Macchio.

Sigurjón lýsir myndinni sem tilfinningalega sterkri. „Og allt sem gerist í henni kristallar það sem er að gerast í bandarísku þjóðfélagi um þessar mundir,“ útskýrir hann en Brothers er endurgerð á danskri kvikmynd og segir frá örlögum tveggja bræðra og hvernig líf þeirra breytist þegar annar þeirra er heimtur úr helju frá stríðinu í Afganistan eftir að hafa verið talinn af. Hinn bróðirinn er þá orðinn ástfanginn af mágkonu sinni og hefur gengið frænkum sínum í föðurstað.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu tekur kvikmyndin virkan þátt í Óskarskapphlaupinu og verður 400 millljónum íslenskra króna varið í að kynna hana fyrir meðlimum Óskarsakademíunnar. Ef marka má fyrstu viðbrögð gagnrýnenda er ljóst að Sigurjón og félagar hafa ef til vill veðjað á réttan hest. Screen Daily fer lofsamlegum orðum um myndina og telur hana eiga eftir að berjast um helstu verðlaunin. Leikstjórinn Sheridan fær sitt hrós en það eru leikararnir þrír, þau Portman, Jake Gyllenhaal og Maguire sem er hrósað hvað mest. „Þetta er besta frammistaðan hjá þeim öllum á þeirra ferli,“ skrifar gagnrýnandi Screen Daily, Mike Goodridge.



**SHERIDAN OG SIGURJÓN** Þeir Jim Sheridan og Sigurjón Sighvatsson voru ánægðir á forsýningu kvikmyndarinnar Brothers sem haldin var í New York á sunnudagskvöldið. Gagnrýnandi Screen Daily fer lofsamlegum orðum um myndina og spáir því að hún eigi eftir að berjast um helstu verðlaunin í kvikmyndabransanum.

Sigurjón viðurkennir að á löngum ferli sínum sé þetta sennilega sú kvikmynd sem mest hefur verið lagt í á svokölluðum Hollywoodmælikvarða. „En auðvitað er enn langur vegur fram undan og það er ekkert öruggt í hendi.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fimmta glæpasaga Yrsu Sigurðardóttur, Horfðu á mig, kemur út í dag hjá bókaforlaginu Veröld. Útgefandinn **Pétur Már Ólafsson** hefur verið búsettur í Brussel í Belgíu þegar fjórar fyrstu bækur Yrsu hafa komið út og hafa þær allar selst gríðarlega vel. Hér heima hafa þær farið í yfir sextíu þúsund eintökum og úti í heimi í hundruðum þúsunda. Pétur Már er hjátrúarfullur maður og þrátt fyrir að búa núna á Íslandi ákvað hann að fljúga aftur til Brussel á sunnudaginn til að storka ekki örlögunum. Nú er bara að bíða og sjá hvort uppátækið heppnist og bók Yrsu rjúki út eins og heitar lummur.



Vinsældum **Vaktar-þrenningarinnar** virðast engin takmörk sett því heimildarmyndin um gerð þáttanna var vinsælasta dagskrárefnið hjá Stöð 2 í síðustu viku. Pátturinn þótti reyndar með eindæmum skemmtilegur og aðdáendur þáttanna fengu svo sannarlega sitthvað fyrir sinn snúð. Annars er lítið um ný tíðindi í efstu sætunum hjá sjónvarpsstöðvunum; Spaugstofan er áfram vinsælasti þátturinn í íslensku sjónvarpi og Útsvar heldur sjó. Gamanþáttaröðin Hjá Marteini heldur dampi hvað áhorfstölur varðar en þrjátíu prósent landsmanna í aldurshópnum 12-80 horfðu á þáttinn. - fgg



## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 15 til 20 þúsund.
2. Jermain Defoe.
3. Mamma Gógó.






# Sirkus rís í höfuðborg Færeyja

Skemmtistaðurinn Sirkus verður opnaður í Þórshöfn í Færeyjum 11. desember, en það eru þau Jóel Briem, sonur Sigríðar Guðlaugsdóttur fyrrverandi eiganda Sirkuss, og Sunneva Eysturstein sem eiga staðinn ásamt Sigríði.

Sigríður hefur aðstoðað Jóel og Sunnevu bæði við innkaup á húsgögnum og öðrum innanstokksmunum og hönnun staðarins og segir það ánægjulegt að Sirkus sé ekki dauður úr öllum æðum. „Þetta mun líta nánast eins út og gamli Sirkis, húsið verður í sama bláa litnum og skreytt pálmatrjám að utan. Ég er nýkomin frá Færeyjum og mér finnst andrúmsloftið þar vera eins og það var hér fyrir tíu árum síðan þegar greddan réði ríkjum og Sirkus var að opna fyrst.“

Skemmtistaðurinn mun standa í miðbæ Þórshafnar þaðan sem útsýni er yfir smábátahöfnina. Húsið er á þremur hæðum og auk þess að hýsa skemmtistaðinn verður þar hönnunarverslun þar sem íslenskir og færeyskir hönnuðir munu selja vörur sínar. Einnig verður húðflúrstofa í húsinu.

Jóel hefur verið búsettur í Færeyjum undanfarið ár og ber Færeyingum vel söguna. „Þetta hefur verið rosalega mikil vinna en gengið ágætlega hingað til. Það sem hefur kannski helst verið að vefjast fyrir manni er þessi danska skriffinnska sem hér ríkir.“



**SIRKUS Í FÆREYJUM** Skemmtistaðurinn Sirkus verður opnaður í Færeyjum og eru það Jóel Briem og Sunneva Eysturstein sem eiga staðinn.

Gamlir fastagestir Sirkus þurfa ekki að örvænta því þeir geta tekið þátt í gleðinni með Færeyingum. Hægt er að bóka ódýrt flug og gistingu frá Íslandi þessa helgi með því að hringja í Jóel í síma 00 298 593765 eða senda póst á joelsirkus@yahoo.com. - sm

# RAKVÉLARBLAÐIÐ FRÁ LG

VILTU ÖRÞUNNT SJÓNVARP?



## 42" LG Full HD LED 42SL9000

*Örþunnt 42" Full HD LED LCD sjónvarp, aðeins 2,9 cm þunnt. TruMotion 100Hz. Bluetooth, USB 2.0, 4 x HDMI. Eitt þynnsta sjónvarpið á markaðnum.* ***Verð: 549.995 kr.***

**TILBOÐ 529.995 kr.**

VILTU STÓRT SJÓNVARP?



***60" LG Plasma Full HD 60PS8000***

*Glæsilegt 60" Full HD 600 riða sjónvarp með fjórum HDMI tengjum, Bluetooth, USB og mörgu fleiru.*

*Verð: 899.995 kr.*

**TILBOÐ 849.995 kr.**

VILTU ÓDÝRT SJÓNVARP?



***42" LG Full HD LCD 42LF2500***

*Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080 punkta upplausn og Dual XD Engine sem gefur myndinni meiri skerpu og dýpri liti.*

*Verð: 229.995 kr.*

**TILBOÐ 199.995 kr.**

Íslensk valmynd

VILTU ÍSLENSKT SJÓNVARP?



***Palladine 47" LCD EPT4751MD***

*Glæsilegt Full HD LCD tæki með 1920x1080 punkta upplausn og íslensku valmyndarkerfi.* ***Verð 299.995 kr.***

**TILBOÐ 259.995 kr.**

Hátækni

**Opið:** virka daga 9.30-18 | Laugardaga 12-17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 92093

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



Svansmerkt prentverk
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI



### Að brýna rakhníf

**Torfi Geirmundsson**, rakari á Hárhorninu, heldur ansi sérstakt námskeið á miðvikudaginn klukkan hálf átta. Þar verður fólki kennt að brýna rakhnífa með stein, pastól og brýnól. Sá sem kennir þessi miklu fræði heitir Kristján Jóhannesson og er rakarameistari. Hann er reyndar sestur í helgan stein og kominn á eftirlaun en hyggst rífa fram hnífinn og sýna réttu tökin. Að sögn Torfa er þessi list nú deyjandi sport og ættu því áhugasamir að nýta sér þetta einstaka tækifæri en námskeiðið fer fram á Hárhorninu við Hlemm.

### Velgengni mömmu



Stuttmyndin Hvað segir Mamma? er að slá í gegn um alla Evrópu á kvikmyndahátíðum sem fjalla um samkynhneigð. Myndin var til að mynda valin besta stuttmyndin á alþjóðlegri hátíð í Hamborg og fékk áhorfendaverðlaun sem besta stuttmyndin á kvikmyndahátíð samkynhneigðra í Madríd, Lesgaicinemad. Með helstu hlutverk í myndinni fara þau Víðir Guðmundsson og **Helga Braga**, sem þykir fara á kostum í hlutverki sínu.

### Nýjabrum í borginni?

Senn líður að prófkjörum fyrir borgarstjórnarkosningar. Rætt er um að lögfræðingurinn **Árni Helgason**, formaður Heimdallar, hyggi á öruggt sæti á lista sjálfstæðismanna. Hann hafi myndað bandalag með Júlíusi Vífli Ingvarssyni um að þeir félagar setjist í 2. og 3. sæti listans, á eftir Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra. Þá heyrist einnig hvíslað að Margrét Sverrisdóttir ætli að reyna við öruggt sæti á lista Samfylkingarinnar. Þar þarf hún að reyna að skáka einhverjum af þremur kvenfulltrúum flokksins í borgarstjórn.



**- fgg, sh**

## Mest lesið VISIR.IS

1. Leit að Íslendingi í Noregi - lík fannst í stöðuvatni
2. Teknir á leið úr ránsferð í Úthlíð
3. Féll á steypustyrktarjárn: Ástand mannsins stöðugt
4. Kári kannast ekki við uppsagnir hjá deCode
5. Hundaníð: Engin rannsókn í gangi





